

SKATTUR Á MENN

Einstaklingsskattaréttur

Inngangur að tekjuskattlagningu

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki þrjú

Almenni hlutinn hefur vægið 5 til 6,

en sérstaki hlutinn 7 til 8

Efnisyfirlit

- Almennt um tekjuskattlagningu
 - Fyrstu, önnur og ... tekjuskattslögin
 - Þróun og auðkenni. Nafnverðs eða raunverðs skattlagning
- Skattskylda
 - hlutlæg skattskylda, sbr. 7. gr. TSL
 - Tekjur undanþegnar skatti, sbr. 28. gr. TSL
 - huglæg skattskylda, sbr. 1., 2. og 3. gr. TSL
 - Aðilar undanþegnir skatti, sbr. 4. gr. TSL
 - verðmat, heimfærsla og lotun tekna

Tekjuskattlagning

- Tekjuskattlagning byggist á viðskiptum þar sem peningar koma við sögu
- Ekki er þó unnt að ákveða skattinn nema sátt ríki um atriði eins og verðmat, heim færslu og lotun tekna
- Síðast en ekki síst verður uppgjör rekstrarafgangs að byggjast á einhvers konar skráningar- eða bókhaldskerfi – eftirlitssjónarmið

Fyrstu nútíma tekjuskattlögin

- William Pitt yngri forsætisráðherra Breta á átjándu öld er almennt talinn bera ábyrgð á setningu fyrstu tekjuskattslaganna
- Þessi lög voru sett í desember 1798 í þeim tilgangi að afla fjár til vopna og tækja kaupa í aðdraganda hinna svokölluðu Napelónstríða
- Samkvæmt lögunum skyldi leggja á tekjuskatt í þremur þrepum svo:
 - 0% af tekjum allt að 60 pund
 - 0,8333% af tekjum frá 60 pund og allt að 200 pund
 - 10% af tekjum yfir 200 pund
- Pitt hafði vonast til að skatturinn myndi gefa af sér 10 millj. punda í tekjur. Heildartekjurnar urðu hins vegar aðeins rúmar 6 millj.

Ísland

- Fyrstu tekjuskattslögin hér á landi eru nr. 23/1877. Helstu einkenni þeirra voru:
 - Tóku eingöngu til **tekna** (eignir voru semsé ekki skattskyldar skv. þeim). Marghlutfalla skattur
 - Skattur á laun og rekstrartekjur var lægri en af fjármagnstekjum. Fjármagnstekjur báru þannig hærri skatt
 - Uppgjör. Tekjuskattsstofn. Óljós ákvæði
 - Einstakar tekjur voru hugsanlega gerðar upp sér
 - Álagning var í höndum **skattanefnda**. Ein skattanefnd starfaði í hverjum hreppi. Skattur var ákveðinn á manntalsþingum. **Menn lýstu tekjum sínum**
 - Kæra mátti ákvörðun skattanefndar til yfirskattanefndar

Lög um tekjuskatt, þróun


- Lög nr. 74/1921 um tekjuskatt og eignarskatt
 - Lög nr. 23/1877, sérstakur tekjuskattur
 - Lög nr. 74/1921, almennur tekjuskattur
 - Marghlutfalla skattur. Hlutföll jafnvel fleiri en 1877
 - Nánari ákvæði um tekjuskattsstofn. Heildartekjur að frádregnum heildargjöldum **NETTÓSKATTUR**
 - Tapi af atvinnu mátti því jafna á móti hagnaði af launum
 - Sama skatthlutfalli beitt á laun og atvinnurekstrartekjur svo og fjármagnstekjur öfugt við ...
 - Lögfesting almenns **eignarskatts**. Með því móti hélst hærri skattlagning á fjármagnstekjur en launatekjur o. fl.

Uppgjör tekjuskattsstofns

- Tekjur eiga uppruna í lindum. Hér til teljast vinna, atvinna og eignir
- Nú er ekki sjálfgefið að jafna megi saman tapi af einni lind frá hagnaði af annarri
- En sé það heimilt kallast tekjuskatturinn
ALMENNUR TEKJUSKATTUR

Hvernig ákvörðum við tekjuskattsstofninn

Sjá 61. gr. TSL



Tekjulindarskattur

- Sker sig frá almennum tekjuskatti af því leiti að **ekki** má draga tap af einni lind frá hagnaði af annarri/öðrum
- Þetta er höfuð einkenni íslenska tekjuskattsins. Merki um það sjáum við t.d. í 2. mgr. 30. gr. TSL
 - Hafi maður **beinan** kostnað við **öflun** annarra tekna en tekna skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr., án þess að hún (öflunin) verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, **þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna**
 - **Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar**

Tímabilið frá 1921 til 1979

- Lög nr. 74/1921 voru **fyrstu** almennu tekju- og eignarskattslögin. Þessi lög voru síðan endurútgefin:
 - Lög nr. 06/1935
 - Lög nr. 46/1954
- Með lögum nr. 70/1962 átti sér stað skattkerfisbr.
 - Skattanefndirnar voru þá formlega aflagðar og embætti níu skattstjóra sett á fót. Þessi lög voru svo endurútgefin:
 - Lög nr. 90/1965
 - **Lög nr. 68/1971**
- Á tímabilinu frá 1877 til 1979 miðaðist skattskylda tekna við nafnverðsgrunn, hljóðan teknanna

Nafnverðsgrunnur

- Með nafnverðsgrunni er átt við
 - að gengið sé útfrá hljóðan tekna og gjalda við ákvörðun hagnaðar, tekjuskattsstofns
 - að fyrningar og ákvörðun hagnaðar af sölu eigna taki mið af upphaflegu kaupverði eignar. Þetta getur haft ýmsa galla
 - Í mikillri verðbólgu þýðir þetta
 - að sá stofn er fyrningar reiknast af verður sífellt verðminni
 - fyrir vikið myndast um síðir mikið dulið eigið fé í atvinnurekstri svo að ómögulegt er að átta sig á raunverulegu verðmæti hans
 - hagnaðarhugtakið getur því brenglast
 - Við sölu á eign skapast auk þess hættu á að seljandi þurfi að greiða skatt af tekjum sem í eðli sínu eru aðeins bætur fyrir verðryrnun eignar, **semsé ekki raunverulegar tekjur**
- Hægt er að komast hjá þessu með endurmati eigna

Athugið

- Hagnaður af sölu eigna var almennt undanþeginn tekjuskatti frá 1921 til 1979
- Menn og fyrirtæki þurftu semsé ekki að greiða skatt af hagnaðinum nema um væri að ræða atvinnusölu (vörusölu)

Tímabilið frá 1979 til 1997

- Með lögum nr. 40/1978 var aðilum gert kleift að endurmeta eignir við skattlagningu. Tekin var upp raunverðsskattlagning og fólst hún í tvenns konar færslum miðað við verðhækkun ársins
 - Annars vegar **skulda(lána)tekjufærslu** og
 - Hins vegar **eignagjaldfærslu**
- Fyrir vikið varð hagnaðurinn ónæmur fyrir verðbólgu
- Þá var heimilað að reikna fyrningar af endurmetnum fyrningarstofni. Endurmatið varð þar að auki stöðugt
- Skilgreindur var sérstakur stuðull, **verðbreytingarstuðull**, sem nota skyldi við útreikning hagnaðar af sölu eigna
- Hagnaður af sölu eigna sem verið hafði skattfrjáls var auk þess gerður skattskyldur
 - Aðeins raunverulegur hagnaður kom þó til skatts

í atvinnu
rekstri

Fleira ...

- Tekjuskattslögin 68/1971 voru almenn. Skv. því var tekjuskattsstofn manna gerður upp með því að leggja saman heildar tekjur þeirra óháð uppruna eða eðli og draga síðan frá þeim heildar gjöldin
 - Tap af einni tekjuuppsprettu kom því sjálfkrafa til frádráttar hagnaði af annarri
- Með lögum nr. 40/1978 varð grundvallarbreyting á þessu. Skv. þeim skyldi gera upp hverja tekjulind fyrir sig og mátti ekki jafna tapi af einni og hagnaði af annarri saman
 - Heitir þetta Tekju**keldu**skattur í stað Almenns tekjuskatts
 - Sjá 2. mgr. 30. gr. TSL og 3. mgr. 61. gr. TSL

Reiknað endurgjald

- Fyrir 1979 var mönnum, sem stunduðu atvinnurekstur á eigin kennitölu, óheimilt að reikna sér laun
- Launin voru nefnilega talin hluti af hagnaði rekstrarins
- Með lögum nr. 40/1978 var þessari reglu breytt og það sem meira er
 - launin máttu jafnvel **mynda** tap í rekstri

Tímamóta árið 1987

- Á tímabilinu frá 1877 til 1987 hafði tekjuskattur almennt verið eftir á greiddur
 - Heimilt var þó krefjast fyrirframgreiðslu tiltekins hlutfalls álagðs skatts skv. ákveðnum reglum
- Árið 1987 var ákveðið að tekjuskatturinn skyldi samtímisgreiddur, sbr. lög nr. 45/1987
 - Þessi samtímisgreiðsla kallast staðgreiðsla opinberra gjalda (tekjuskatts og útsvars svo og tryggingagjalds)

Einfeldispráin

- Stjórnvöld hafa löngum alið með sér þá ósk í brjósti að einfalda skattkerfið
- Við upptöku staðgreiðslu varð mönnum ljóst að æskilegt væri að minnka hættuna á endurgreiðslu ofgreiddra skatta/endurkröfu vangreiddra skatta
- Menn töldu að best væri að gera þetta með þrennu móti
 - Eins hlutfalls skatti
 - Fækkun frádráttarliða
 - Upptöku sérstaks persónuafsláttar

Tímabilið frá 1997 til 2007

- Á tímabilinu frá 1978 til 1997 sættu **vextir** takmarkaðri skattskyldu
 - Lengi vel var óheimlt að verðtryggja kröfur
 - Verðbólga var mjög há framan af tímabilinu
 - Vextir voru lágir jafnvel neikvæðir
 - **Ekki var því talið sanngjarnt að skattleggja þá**
- Á þessu varð breyting upp úr 1990
 - Verðbólgan fór lækkandi
 - Leyft var að verðtryggja lán
 - Eðlilegt var því að hugmyndir kæmu upp um almenna skattlagningu fjármagnstekna
 - Skattlagning þeirra myndi stuðla að auknu jafnræði

Lög um fjármagnstekjuskatt

- Með lögum nr. 97/1996 var því ákveðið að gera vexti skattskylda og tók skattskyldan bæði til raunvaxta og nafnvaxta
 - Jafnframt var ákveðið að samræma skattlagningu allra fjármagnstekna með upptöku tiltölulega lágs skattshlutfalls eða 10% skatts, fjármagnstekjuskatts
- Þótt vextir hafi verið undanþegnir skatti hjá mönnum á árunum 1978 til 1997 var sjaldgæft að menn reyndu að notfæra sér þá aðstöðu
- Úrskurður nr. 223/2002 er í raun eina dæmið sem ég hef fundið þar sem á það hefur reynt

Úrskurður nr. 223/2002

- Með kæru, dags. 26. mars 2001, skaut umboðsmaður kæranda til yfirskattanefndar úrskurði skattstjóra, dags. 27. desember 2000, um endurákvörðun opinberra gjalda kæranda gjaldárin **1995, 1996, 1997**, 1998 og 1999
- Kæruefnið var sú ákvörðun skattstjóra að fella niður í rekstrarreikningum kæranda gjaldfærða vexti af skuldum við hluthafa félagsins, **D og E**, sem voru hjón
 - að fjárhæð **4.244.000 kr. árið 1994, 4.605.298 kr. árið 1995, 4.960.000 kr. árið 1996, 10.977.900 kr. árið 1997 og 13.250.902 kr. árið 1998 vegna tveggja lána að fjárhæð 40.000.000 kr. og 40.000.000 kr. hvort**
- Af hálfu kæranda var þess krafist að úrskurður skattstjóra yrði felldur úr gildi. Þá var krafist málskostnaðar til greiðslu úr ríkissjóði
- YSN féllst á sjónarmið kæranda í málinu og var úrskurður skattstjóra því ómerktur

Endurskoðun fyrirtækjaskattl

Tímabilið frá 1990 til 2002

- Með EES samningnum varð Ísland aðili að Innri markaði ESB. Vegna þessa þurfti að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í kjölfarið var
 - Skattstofn fyrirtækja **breikkaður** og skatthlutföll lækkuð þannig að skattar héldust óbreyttir. Eigi að síður jukust skatttekjurnar
 - Umbreytingarmöguleikum í atvinnurekstri var jafnframt fjölgað
 - Sérstaklega var hugað að samspili hlutafélaga og hluthafaskattlagningar. Um síðir leiddi þetta til þess að fenginn arður var gerður skattfrjáls hjá fyrirtækjum
 - Markmið þessa var að stuðla að aukinni skilvirkni (hámarksávöxtun) fjármagns
- Launaskattur var aflaður og tryggingagjald tekið upp. Sama gildi um svokallað **aðstöðugjald (rekstrarkostnaðarskattur)**
- Útrásin. Tvísköttunarsamningum fjölgað úr 10 í 30, 40

Lög nr. 133/2001

- Með lögum nr. **97/1996** var mönnum bannað að framreikna upphaflegt kaupverð hlutabréfa
- Framreikningur annarra eigna hjá þeim og fyrirtækjum hélst hins vegar óbreyttur að minnsta kosti um sinn
- Með lögum nr. **133/2001** var loks ákveðið að afleggja raunverðsskattlagninguna fyrir fullt og allt
 - Rök: Alþjóðlegur samanburður

Skattkerfið

- Frá 1877 til 1962 var tekjuskatturinn lagður á af skattnefndum
- Ein skattanefnd var í hverjum hreppi
- Árið 1962 voru skattanefndirnar aflagðar og landinu skipt upp í 9 skattumdæmi
- Hinn 1. janúar 2010 varð landið gert að einu skattumdæmi. Embætti hinna 9 skattstjóra voru semsé lögð niður

Meiri breytingar Skattkerfið

- Innheimta opinberra gjalda. Tollstjórinn í Reykjavík. Ríkisskattstjóri
- Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Ríkisskattstjóri

Skatthlutföll

- Hinn 1. jan. 1989 var **eins hlutfalla** tekjuskattur innleiddur hér á landi. Er tíminn leið fannst ýmsum þetta ósanngjarnt
- Að þeirra sögn ættu menn að greiða tekjuskatt eftir greiðslugetu eins og áður hafði verið. Því meiri greiðslugeta því hærri skattur. Ýmsum sveið líka hvað fjármagnstekjuskatturinn var lágur
- Að vissu leyti má taka undir þetta. Við mat á þessu er þó nauðsynlegt að huga vel að samspili verðbólgu og fjármagnstekna, sjá næstu glæru

Nafnverðs eða raunverðsskattur

a) Nafnverðs tekjur	5.50	8.10	13.30
b) Verðbólga	2.5	5.0	10.0
c) Raunverðs tekjur	3.0	3.0	3.0
10% nafnverðs skattur	0.55	0.81	1.33
Hlutfall skatts af c	18.33	27.00	44.33
20% nafnverðs skattur	1.1	1.6	2.7
Hlutfall skatts af c	36.7	54.0	88.7
30% nafnverðs skattur	1.7	2.4	4.0
Hlutfall skatts af c	55.0	81.0	133.0

Hvað þýðir þetta?

Til að skilja þessa töflu er best að ímynda sér að maður leggi 100.000 kr. inn á bankareikning í upphafi árs. Ef verðbólga er 2,5% verður hann að eiga 102.500 kr. inni á reikningnum í árslok svo að verðmæti innstæðunnar sé hið sama og í upphafi árs. Hafi hann fengið 5.500 kr. í vexti af innstæðunni, eru 2.500 kr. af þeirri fjárhæð því bætur fyrir rýrnun fjárhæðarinnar af völdum verðbólgunnar en aðeins 3.000 kr. eru raunverulegar tekjur. Greiði maður 550 kr. í nafnskatt af vöxtunum leiðir það til þess að skatthlutfallið af raunverðstekjunum er 18,33%. Hækki verðbólgan í 5%, eykst skatthlutfallið í 27%, og hækki hún í 10%, eykst skatthlutfallið á sama hátt í 43,33%. Undir slíkum kringumstæðum greiðir hann því ívið hærri skatt en af launatekjum í þrepi 2

Er skattahækkun í vændum?



Katrín Jakobsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, varaformaður og formaður VG.

Innlent | mbl.is | 29.8.2009 | 14:18

Fjármagnstekjur skattlagðar eins og laun

Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hvetur þingflokk VG til að hafa í huga við gerð fjárlaga fyrir næsta ár, að auknar álögur verði fyrst og fremst lagðar á þann hluta samfélagsins sem standi undir frekari álögum.

Nefnir flokksráðið stighækkandi hátekjuskatt, prepaskiptan stóreignar- og erfðaskatt og skattlagningu fjármagnstekna til jafns við launatekjur. Þá verði höfuðáhersla lögð á að verja grunnstoðir velferðarkerfisins og að niðurskurður auki ekki atvinnuleysi.

Þetta kemur fram í ályktun, sem samþykkt var á flokksstjórnarfundum VG á Hvolsvelli í dag. Þar er einnig hvatt til þess að kynjaðri hagstjórn verði beitt svo kvennastörfum í velferðarkerfinu verði ekki fórn til að skapa karlastörf með verklegum framkvæmdum.

Þá vill flokksráðið að sala á ríkisfyrirtækjum verði ekki notuð til að hylja halla á ríkissjóði eins og gert var í tíð fyrri ríkisstjórna og að fyrir liggi og kynnt almenningi hvaða fyrirmæli eða rammi liggur fyrir frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum og hvaða afstöðu þingflokkurinn hefur til þeirra skilyrða.

Loks hvetur flokksráðið til að tekið verði tillit til byggðarlaga sem á góðæristímanum bjuggu við neikvæðan hagvöxt og mikla fólksfækkun við óhjákvæmilegan niðurskurð ríkisútgjalda.

-  [Senda frétt](#)
-  [Upplestur á frétt](#)
-  [Deila](#)
-  [Blogga um frétt](#)

Bloggað um fréttina

[Skúli Skúlason](#)

[Sósíalísk framtíð.](#)

[Rafn Gíslason](#)

[Ályktun flokksráðs VG](#)

[Fleiri](#)

HVAÐ MYNDI ÞETTA ÞÝÐA? Þetta myndi þýða að lágmarki 81% tekjuskatt af raunverðstekjum

Innlent | mbl | 28.8.2011 | 16:47 | Uppfært 19:04

Hækki fjármagnstekjuskatt



Pórlleifur Gunnlaugsson.

aðra leið."

Hækka ber fjármagnstekjuskatt úr 20% í 30% sem og aðra skatta á þá tekjuhæstu, að mati Pórlleifs Gunnlaugssonar, varaborgarfulltrúa Vinstri grænna í Reykjavík, sem telur að með hærri sköttum megi stuðla að meiri jöfnuði í þjóðfélaginu.

Pórlleigur lagði ásamt Einar Ólafssyni, Guðmundi Magnússyni, Jóni Torfasyni og Sigríði Kristinsdóttur fram ályktun á flokksráðsfundi VG um helgina þar sem sagði að fremur bæri að hækka skatta en að skera niður í velferðinni.

Að sögn Pórlleifs var ályktunin samþykkt. Hann svarar gagnrýni að ekki bæri að hækka skatta meira svo:

Skortir mat og húsaskjól

„Ég svara þessu nú þannig að þegar staðan er orðin þannig að fjöldi fólks á ekki í sig og á og þak yfir höfuðið þá þurfum við að stíga skref sem leiða til meiri jöfnuðar í samfélaginu. Eina leiðin er að skattaleggja þá sem eiga meira en aðrir til að standa undir velferðinni. Ég sé enga

Stjórn VG ályktar að ríkisstjórnin hafi náð ótvíræðum árangri í skattamálum. Hvar þá helst?

„Skattar hafa fyrst og fremst verið hækkaðir á þá sem eiga mikið. Fjármagnstekjuskattur er þó alls ekki nógu hár. Ég vil hækka hann um 10% í viðbót og hafa hann 30% eins og í Svþjóð. Svo er það auðlegðarskatturinn. Við þurfum að stuðla að meiri jöfnuði. Hann er að mínu mati ekki nógu mikill í íslensku samfélagi í dag.

Við þurfum að getað fjármagnað velferðina á erfiðum tímum. Þeim er alltaf að fjölga sem eiga ekki fyrir mat síðustu dagana fyrir mánaðamót. Ég hef undanfarið rætt við fólk sem er heimilislaust. Það fær ekki lán fyrir útborgun á leigu. Það er krafnið um tvo mánuði fyrirfram og einn mánuð í tryggingu af leigusólum. Þetta fólk á ekki slíkt fé tiltækt.

Þegar það þrengir að verðum við að axla byrðarnar saman. Það er eitthvað af fólki sem á mjög mikið af peningum."

Pórlleifur bendir jafnframt á að húsaleigubætur hafi ekki hækkað síðan í maí 2008, á sama tíma og húsaleiga hjá Félagsbústöðum Reykjavíkur hafi hækkað um 29%, skv. vísitölu verðtrygginga.

„Það segir mér að húsnæðiskostnaður fólks sem leigir hjá af félagsbústöðum hefur hækkað verulega. Þetta er fátækasta fólkið í samfélaginu. Það er á lægstu laununum eða þiggur atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga," segir Pórlleifur.

Skattlagning fyrirtækjahagnaðar

Úthlutaður arður

- Hér á landi er hagnaður af rekstri hlutafélaga skattlagður skv. hinni klassísku aðferð
- Skv. því sætir hann tvískattlagningu (efnahagsleg tvískattlagning)
- Hafi ehf./hf. 100 kr. í hagnað greiðir fyrirtækið fyrst 20 kr. í skatt og svo hluthafinn 17,6 kr. Heildarskatturinn er semsé 37,6% (20 + 17,6)
- Raunskatturinn af arðinum er því ekki 22% þegar svo stendur á
- Úthlutun milli fyrirtækja ... keðjuskattlagning

Efnisyfirlit

- Almennt um tekjuskattlagningu
 - Fyrstu, önnur og ... tekjuskattslögin
 - Þróun og auðkenni. Nafnverðs og raunverðs skattlagning
- Skattskylda
 - Hlutlæg skattskylda, sbr. 7. gr. TSL
 - Tekjur undanþegnar skatti, sbr. 28. gr. TSL
 - Huglæg skattskylda, sbr. 1., 2. og 3. gr. TSL
 - Aðilar undanþegnir skatt, sbr. 4. gr. TSL
- Verðmat, heimfærsla og lotun tekna

Hlut- og huglæg skattskylda

- Skv. lögum um tekjuskatt er skattskyldan tvíþætt:
 - Hlutlæg (d. objektiv) skattskylda og Huglæg (d. subjektiv)
- Hin *hlutlæga* skattskylda afmarkar **af hvaða verðmætum** skuli greiða tekju skatt en og sú *huglæga* **hverjir** eru skattskyldir
- Tekjuskattskyldan – þessi hlutlæga - er almenn. Allt er því skattskylt nema það sé gangert undan þegið skattskyldu

10,7 milljónir söfnuðust fyrir Berglindi: „Mun aldrei gleymast“

Óskar Ófeigur Jónsson skrifar · 26. ágúst 2020 13:30

Líkar þetta



Berglind Gunnarsdóttir í sjónvarpsviðtalinu á dögunum.

SKJÁMYND/S2

„Samstaðan í hlaupinu á laugardaginn var áþreifanleg og mun aldrei gleymast,“ skrifar Berglind Gunnarsdóttir þegar hún þakkaði fyrir stuðninginn sem hún fékk í söfnunni í tengslum við Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka.

Landsliðskonan og læknaneminn Berglind Gunnarsdóttir hefur sýnt magnað keppnissskap, dugnað og æðruleysi eftir að hún slasaðist alvarlega á hálsi og mænu í rútuslysi þann 10. janúar síðastliðinn.

Er þetta skattskyld.
Berid sama vid
Ómar Ragnarsson

Tækifæris gjöf
Ekki hærri en alm.
gengur og gerist

Hvað með 2. tölul.
28. gr. TSL

Tekjuhugtakið, sbr. 1. mgr. 7. gr.

fyrst hin hlutlæga skattskylda og svo hin huglæga

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum (28. gr.) og takmörkunum (30. gr.), er síðar greinir, hvers konar **(efnahagsleg) gæði**, (þar með talið) arður, laun, hagnaður sem skattaðila (1.,2. gr. og 3. gr.) **hlotnast** (fær, öðlast, bendir til yfirfærslu) og metin verða til peningaverðs (efnahagsleg gæði, markaðsverð, gangverð) og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa (alheimsreglan, 1. og 2. gr.) eða í hvaða formi þær eru (peningar, hlunnindi, skipti o. fl.)

ADAM SMITH

Wealth of nations

Þjóðartekjur

„The gross revenue of all the inhabitants of a great country, comprehends the whole annual produce of their land and labour; the neat revenue, what remains free to them after deducting the expence of maintaining; first their fixed; and secondly, their circulating capital; or what, without encroaching upon their capital, they can place in their stock reserve for immediate consumption, or spend upon their subsistence, conveniences, and amusements.“

TEKJUHUGTAKIÐ

Hið **rúma** tekjuhugtak innifelur allt í senn:

1. **Afhendingargæði.** Það sem þú afhendir öðrum gegn endurgjaldi. Hér til telst vinna gegn endurgjaldi (laun), sala gegn endurgjaldi o. fl.
2. **Afnotagæði.** Það sem þú átt og leyfir öðrum að nota gegn endurgjaldi eins og arður af eignum, þar með talið lifandi skeppnum
3. **Eiginframleiðslugæði.** Það sem þú býrð til eða aflar af eigin ramleik svo sem heimaræktaðar kartöflur, berja tínsla, veiði o. fl., bygging eigin húsnæðis, viðhald og viðgerðir eigna, persónuleg eigin þjónusta svo sem framtal til skatts
4. **Móttökugæði.** Það sem aðrir afhenda þér án sérstaks endurgjalds þar með talið arfur, gjafir, skaðabætur, styrkir, tryggingabætur

Endurgjaldslaus afhending aflaheimilda=GJAFAKVÓTI

- Þeir sem stunduðu fiskveiðar á árunum fyrir 1989 öðluðust rétt til að veiða ákveðið magn af þorski úr sjó
- **Þessi réttur byggðist á aflareynslu og var endurgjaldslaus**
- Myndir þú telja að þessi úthlutun hefði átt að skapa tekjur hjá móttakanda og ef svo er hvaða skatt hann hefði átt að greiða af aflaréttinum?

Tekjuhugtakið, nánar - frhl.

- Hið þrönga tekjuhugtak:
 - „... þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur **einhverjum** ...“ , sbr. 2. mgr. 59. gr. TSL
 - „einhverjum“. Einhver annar en hlutaðeigandi sjálfur. **Skv. því einskorðast skattskyldan við Afhendingargæði, Afnotagæði og Móttökugæði. Eiginframleiðslugæði eru því almennt skattfrjáls**
 - Undantekningar:
 1. Reiknað endurgjald, sjá 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr.
 2. Eigin húsaleiga, sjá 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr.
 3. Eigin vinna við byggingu (íbúðar)húsnæðis, sjá 4. tölul. 28. gr. **innan** reglulegs vinnutíma **(frá 8 til 17)**

YSÚ 135/2003

- Eigin vinna kæranda við byggingu íbúðarhúsnæðis árin 1997, 1998 og 1999 var talin til skattskyldra tekna, enda var ekki fallist á með kæranda að um aukavinnu **utan venjulegs vinnutíma** væri að ræða í ljósi þess **vinnumagns** sem um var að tefla
- Var kröfum kæranda hafnað að því frátöldu að álag var felld niður, m.a. þar sem skilmerkileg grein var gerð fyrir vinnuframlagi við byggingu húsnæðis í skattframtölum kæranda viðkomandi ár

Launalaus vinna skattskyld



Það er alveg sama hvort ekki eru þegin laun fyrir vinnuna - fyrirtæki þurfa að telja vinnuframlagið fram, Mynd úr safni mbl.is/Eva Björk Ægisdóttir

Ríkisskattstjóri segir að fyrirtæki sem þiggja vinnuframlag fólks án þess að greiða peninga fyrir þurfi að telja vinnuframlagið fram sem skattskylda gjöf og miða við eðlileg laun fyrir slíka vinnu. Það er því ljóst að launalaus vinna er skattskyld. Þetta kemur fram á vef ASÍ.

Afstaða ASÍ er einföld og skýr: Ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði (í hagnaðarskyni) oft í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnustarfsemi, felur í sér óásættanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og stenst hvorki kjarasamninga né lög.

Svar ríkisskattstjóra þar sem helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Einstaklingur sem innir af hendi vinnu í þágu fyrirtækis í efnahagslegri starfsemi gegn því að fá t.a.m. fæði og húsnæði, ber að telja slíkt fram til skatts sem tekjur. Fyrirtækinu er jafnframt skylt að gera grein fyrir þessum gjöldum og halda eftir og skila viðeigandi sköttum og gjöldum af peningaverðmati hlunnindanna líkt og gert er af hefðbundnum launum.
- Fyrirtæki í efnahagslegri starfsemi sem þiggur vinnuframlag einstaklings án þess að greiða fyrir pening eða hlunnindi ber að telja slíkt fram sem skattskylda gjöf og miða skal við gangverð þeirrar vinnu sem um ræðir hverju sinni sem í öllu falli er ekki lægra en lágmarkskjör kjarasamninga.

YSÚ 574/1999

- Fallist var á með skattstjóra að líta bæri á kaup og endurbætur kæranda (hjóna) á íbúðarhúsi sem þátt í sjálfstæðri starfsemi eiginmannsins við húsasmíði
- Var í því sambandi litið til starfa og menntunar hans, skamms eignarhaldstíma á húsinu, umtalsverðra endurbóta á því og lítilla umsvifa kæranda við rekstur hans að öðru leyti
- Jafnframt var ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald vegna eigin vinnu kæranda við endurbæturnar látin standa óhögguð

YSÚ 223/2002

- Talið að eigin vinna kærenda við byggingu sumarbústaðar og gjafavinna barna þeirra við bygginguna teldist til skattskyldra tekna kærenda
- Þá var ekki fallist á að meta eigin vinnu kærenda, sem voru ófaglærð, með hliðsjón af þeim tíma sem tekið hefði smíð að byggja sumarhúsið að fokheldisstigi
- Hins vegar var fallist á lækkun tekna vegna eigin vinnu og gjafavinnu þar sem ekki þótti ástæða til að draga í efa að kærendur hefðu ofmetið þann tíma sem farið hefði í bygginguna

Eru þetta skattskyldar tekjur?



Fjölmarginir starfsmenn umhverfisráðuneytisins nýta sér vistvænar samgöngur
mbl.is/Ómar Óskarsson

Innlent | mbl.is | 21.9.2010 | 14:48

Starfsfólki gefið strætókort

Fyrstu samgöngusamningar umhverfisráðuneytisins og starfsfólks þess voru undirritaðir í dag. Samkvæmt samningunum mun umhverfisráðuneytið kaupa strætisvagnakort fyrir starfsfólk sem að jafnaði notar almenningssamgöngur og komið verður til móts við þá sem ganga eða hjóla til og frá vinnu með þátttöku í útlögðum kostnaði, til dæmis vegna hlífðarfatnaðar.

Um fimmtungur ferðast til og frá vinnu á vistvænan hátt

Samningarnir eru hluti af nýlegri samgöngustefnu ráðuneytisins og í anda umhverfisstefnu þess. Í samgöngustefnunni er einnig lögð áhersla á að notast sé við vistvæna ferðamáta í vinnu, svo sem vegna funda utan vinnustaðar. Þá verður leitast við að nýta betur möguleika til síma- og fjarfunda. Þá mun ráðuneytið standa fyrir fræðslufundum til að efla vitund starfsfólks um

vistvænar samgöngur, segir á vef ráðuneytisins.

Við gerð samgöngustefnu umhverfisráðuneytisins var gerð könnun meðal starfsfólks sem leiddi í ljós að það hefur mikinn áhuga á að nýta sér vistvænar samgöngur. Nú þegar ferðast um fimmtungur starfsfólksins til og frá vinnu á vistvænan hátt.

- [Senda frétt](#)
- [Prenta frétt](#)
- [Upplestur á frétt](#)
- [Deila](#)
- [Blogga um frétt](#)

Bloggað um fréttina

Morten Lange

[Hvi ekki gera þetta í öllum opinberum stofnunum?](#)

Bjarni Valur

[Merkileg frétt](#)

Fyrst birt: 25.08.2011 17:26 GMT
Síðast uppfært: 25.08.2011 17:26 GMT

SENDI PRENTA

Greitt fyrir að taka strætó

Fyrirtækið Matís býður starfsmönnum sínum upp á samgöngusamning sem felst í að þeir fá greitt fyrir að nota vistvænan ferðamáta á leið sinni til og frá vinnu.

Í vor gafst starfsmönnum Matís kostur á að skrifa undir samgöngusamning og fá greitt frá fyrirtækinu fyrir að ganga, hjóla eða fara með strætisvögnum til og frá vinnu. Greiðir fyrirtækið þá sömu upphæð og strætókort kostar á mánuði, hvort sem starfsmaður nýtir sér strætó eða velur annan vistvænan ferðamáta.

„Verkefnið gekk bara virkilega vel. Það tóku mun fleiri þátt í þessu en við bjuggumst við. Hjá Matís starfa um 100 manns og um 45 manns tóku þátt í þannig að þetta er bara mjög gott þáttökuhlutfall,” sagði Jón Haukur Arnarsson mannauðsstjóri hjá Matís.

Jón segir að ávinningurinn fyrir fyrirtækið sé margvíslegur þótt beinn fjárhagslegur ávinningur sé kanski ekki augljós.

„Megin ávinningurinn er ánæggt starfsfólk og það kemur fram á margvíslegan hátt, til dæmis er þetta tímasparnaður fyrir fólk, það er búið að taka út sína heilsurækt og þarf ekki að fara á líkamsræktastöð eftir að það kemur heim. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að veikindadögum fækkar með heilsueflingu og það er náttúrulega beinn hagur fyrir fyrirtækið,” sagði Jón Haukur.

Jón Haukur segir að áfram verði boðið upp á samgöngusamninga hjá Matís en upphaflega hafi hugmyndin komið frá Umhverfisstofnuneytinu. Þar fengust þær upplýsingar að síðan þá hefðu fjölmörg önnur ráðuneyti og ríkisstofnanir tekið upp sama hátt.

frettir@ruv.is



Starfsmönnum Matís er boðinn samgöngusamningur.

Lög nr. 45/2012

Skattfrjáls hlunnindi

- Reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna – Konurnar á Granda
- Sama gildir greiði vinnuveitandi kostnað starfsmanna af ferðum til og frá vinnu samkvæmt samningi milli aðila séu nýttar til ferðanna almenningssamgöngur og vistvænar samgöngur, þó ekki með vélknúnum ökutækjum, enda sé fjárhæðin ekki umfram viðmiðunarmörk samkvæmt mati ríkisskattstjóra

Hið opinbera sér um sína

Konurnar á Granda. Hvar var ríkisskattstjóri þá?

S
K
A
T
T

M
A
T
I
Ð

- Ekki skal telja til skattskyldra hlunninda greiðslu launagreiðanda á kostnaði launþega vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda, ef nýttar eru almenningssamgöngur eða vistvænn samgöngumáti að hámarki samtals **7.000 kr. á mánuði** og að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:
 1. Undirritaður sé formlegur samningur milli launagreiðanda og launþega um nýtingu á almenningssamgöngum eða vistvænum ferðamáta vegna ferða launþegans til og frá vinnu sinnar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda.
 2. Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en með vélknúnum ökutækjum samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga, t.d. reiðhjól eða ganga.
 3. Séu framangreind skilyrði **ekki** uppfyllt er alltaf um að ræða skattskyld hlunnindi án frádráttar ef greiðsla er vegna ferða launþega til og frá vinnu.

Eiginframleiðslugæði

allsherjargæði

- Eigin framleiðslugæði
 - Gæði sem maður býr til eða framleiðir sjálfur
 - Hér verður að setja þann fyrirvara að framleiðslan tilheyri **ekki** atvinnurekstri → úttekt
 - Aflar með eigin ramleik svo sem ber á lyngi, veiði o.fl.
 - Verðmæti sem maður finnur á víðavangi og engin á – FUNDIÐ FÉ
 - Gæði sem tilheyra öllum, **allsherjargæði**, og allir hafa jafnan aðgang að

Sagðist hafa fundið margar milljónir



Peningaseðlar. mbl.is/Golli

Hæstiréttur hefur aflétt kyrrsetningu á eignum manns sem ríkissaksóknari telur ljóst að verði með dómi gerðar upptækar vegna sakamáls sem er til rannsóknar. Rétturinn taldi viðhlítandi skýringu ekki komna fram á því af hverju rannsókn málsins hefði tekið á fimmta ár.

Málavextir eru þeir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hóf rannsókn á ætluðum brotum karlmanns ásamt fleirum árið 2010. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til tilkynningar frá tveimur bankastofnunum um grunsamlegar peningafærslur.

Rannsóknin lýtur að ætluðu stórfelldu skattalagabroti og fjársvikum gegn ríkissjóði sem og peningabætti, þar sem talið er að tollstjóri hafi með blekkingum verið fenginn til að greiða samtals 277.818.008 krónur til tveggja nafngreindra félaga sem endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna endurbóta á iðnaðarhúsnæði án þess að félögin ættu rétt til slíkrar endurgreiðslu.

Greiðslurnar voru gerðar á grundvelli sérstakrar skráningar félaganna í virðisaukaskattskrá, sem ríkissaksóknari telur að hafi verið gerð án þess að tilefni væri til slíkrar skráningar og hafi byggt á tilhæfalausum virðisaukaskattskýrslum.

Fjárhæðirnar voru smám saman teknar út af reikningum fyrirtækjanna, að mestu í reiðufé og er sú meðferð ávinnings af meintum brotum skoðuð sem peningabætti. Innlagnir og úttektir sem lögreglan rannsakar fóru fram í október 2009 fram í júní 2010.

Einn mannanna sat í gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna í september og nóvember 2010 en þann 17. nóvember lagði lögreglan fram beiðni hjá embætti sýslumannsins í Hafnarfirði um kyrrsetningu eigna hans til tryggingar kröfum að fjárhæð 277.330.155 krónur vegna greiðslu sakarkostnaðar, sekta og krafna ákærvaldsins um upptöku jafnvirðis ágóða af ætluðum brotum mannsins. Fallist var á kyrrsetningarbeiðnina.

§ 5-50. *Tilfeldig inntekt*

Norsku tekjuskattslögin

- (1) Som skattepliktig inntekt anses tilfeldige gevinster, herunder gevinst ved konkurranse, spill, lotteri og lignende når verdien overstiger 10.000 kroner, **og tilfeldig gevinst ved funn av malm og mineraler m.v.**

Bär-, svamp- och kottplockning

28. gr. sænsku tekjuskattslaganna

- Inkomster vid försäljning av vilt växande bär, svamp och kottar som den skattskyldige har plockat själv **är skattefria** till den del de under ett beskattningsår inte överstiger 5 000 kronor. Detta gäller inte om plockningsverksamheten i sig utgör näringsverksamhet eller ersättningen utgör lön eller liknande förmån i inkomstslaget tjänst

Verðmætaaukning eignar

skapar almennt ekki skattskyldu

- Þær aðstæður að eign hækkar í verði hvort sem er vegna almennra verðlagsbreytinga eða sérstakra aðstæðna svo sem vegna
 - uppgötvunar gæðamálna í jörð
 - heits vatns o. fl.
 - skipulagsbreytinga; jörð (land) flyst úr sveit í bæ
 - takmörkunar á nýtingu. Kvótakerfi

Allsherjargæði

- Með allsherjargæðum er átt við gæði sem ekki tilheyra neinum sérstökum
- Hér til teljast t.d. verðmæti sem hið opinbera gefur mönnum kost á að njóta svo sem endurgjaldslaus heilbrigðisþjónusta, menntun o. fl. (Allt annað en beinar fjárgreiðslur)
- Nýting takmarkaðra auðlinda svo sem afli í sjó, framleiðsla landbúnaðarafurða
- Gæði sem kastað hefur verið á glæ, fundið fé

(Allt annað en beinar fjárgreiðslur)

- Slíkar greiðslur geta þó í einstaka tilvikum verið undanþegnar skatti
- Dæmi þessa eru umönnunarbætur Almennatrygginga sem greiddar eru hlutaðeigandi til aðstöðujöfnunar
- Vistun barns, maka eða foreldris á spítala eða stofnum er jú gjaldfrjáls

YSÚ 98/2009

foreldrar

- Kæruefni máls þessa var sú ákvörðun skattstjóra að færa kærendum til skattskyldra tekna í skattframtölum árin 2003 og 2004 **ætlaðan fjárhagslegan ávinning af vaxtalausum lánum** sem kærendur nutu frá börnum sínum, en skattstjóri taldi að um beinar gjafir eða ígildi þeirra væri að ræða
- Yfirstattanefnd taldi að skýringar kærenda á greindum lánveitingum, sem fram komu við meðferð málsins á skattstjórastigi og lutu að því að lánin væru tengd framfærslu barnanna, hefðu gefið skattstjóra ríkt tilefni til að grafast fyrir um að hvaða marki framfærsla barnanna af hálfu kærenda í heimahúsum kæmi á móti vaxtagreiðslum, sbr. m.a. ákvæði um skattalega meðferð framfæris barna í foreldrahúsum í B-lið 16. gr. reglugerðar nr. 245/1963
- Var ekki talið að skattstjóri hefði séð til þess að málið væri **nægjanlega upplýst** að þessu leyti áður en hann ákvað að skattleggja meintan ávinning kærenda sem skattskyldar gjafir
- Ennfremur var talið að fortakslaus beiting skattstjóra á skattmatsreglum vegna vaxtalausra lána **launagreiðenda til launamanna** við mat sitt á verðmæti hins ætlaða ávinnings kærenda fengi ekki staðist vegna gildissviðs reglnanna og sérstakra sjónarmiða sem kynni að vera þörf á að taka tillit til í tilvikum á borð við tilvik kærenda. Var ákvörðun skattstjóra felld úr gildi þar sem verulegir annmarkar voru taldir vera á málsmeðferð hans

Framfærsla barna í heimahúsum

- Sjá B-lið 16. gr. reglugerðar nr. 245/1963:
- Börn í heimahúsum hvort sem þau sjálf eru skattgreiðendur eða eigi, greiða engan skatt af því framfæri sem þau fá hjá heimilisföður. Sama er um aðra skylduómaga manns

Ólögmætar tekjur

- Tekjur sem maður aflar með ólögmætri starfsemi geta verið skattskyldar. Hér til teljast:
 - Ólögmætur afli, veiðar umfram alfaheimildir
 - Tekjur af ólögmætu fjárhættuspili
 - Vændi
 - Sala eiturlyfja ...
 - Fjárdráttur, fjársvik
- Mundangshófið er þó mjótt. T.d. tíðkast ekki að gera manni skatt af fjárdrætti, fjársvikum o. fl. Byggist það á því sjónarmiði að slíkar tekjur eigi hvorki að skapa tekjur né gjöld

Þarf ekki að greiða skatta af vændistekjum



AFP

Vændiskona hafði betur gegn norska ríkinu en dómstóll í Ósló dæmdi fyrr í vikunni að það samrýmdist ekki lögum að skylda hana til að greiða skatta af tekjum sínum af vændi.

Í frétt VG kemur fram að lögreglan hafi gert húsleit á heimili konunnar sem er frá Nígeríu en hún bjó í íbúðinni ásamt tveimur öðrum vændiskonum.

Við húsleitina var lagt hald á 74 þúsund norskar krónur, mest allt erlendur gjald-eyrir. Lögreglan neitaði að skila peningunum aftur til vændiskonunnar þar sem

lögreglan taldi að þar sem hún hafi unnið þá inn í Noregi þá ætti hún að greiða skatta af tekjunum í Noregi.

En dómariinn féllst ekki á þetta þar sem hann efaðist um að ríkið gæti innheimt skatta af vændi á sama tíma og vændissal og mansal væri saknæmt í Noregi. Eins væri ekki fullsannað að vændiskonan væri norskur skattþegn á þeim tíma sem hald var lagt á peningana.

Greiða skatt af medalíunum



Sundmaðurinn Micael Phelps hefur eflaust greitt mikinn skatt í gegnum árin en hann hefur alls unnið 28 medalíur á Ólympíuleikum á ferlinum. AFP



Tengdar fréttir

Ólympíuleikarnir í Ríó



„Stærstu mistökin“ að hafna ÓL-stjórn

• Ólympíuleistari rændur í Ríó

• ÓL í Ríó – dagur 10

Nú liggur fyrir frumvarp á bandaríska öldungadeildarþinginu sem gerir verðmæti verðlauna sem íþróttamenn fá á Ólympíuleikum undanþegin skattgreiðslum. Ef það verður samþykkt gildir það fyrir þau verðlaun sem bandarískir íþróttamenn fengu frá 1. janúar á þessu ári og fram til 1. janúar 2021.

Þetta eru eflaust góðar fréttir fyrir þá bandarísku íþróttamenn sem hlotið hafa verðlaunapeninga á Ólympíuleikum í ár en bandaríska ólympíunefndin borgar þeim sem hljóta gullverðlaun 25.000 bandaríkjadali fyrir eða tæpar þrjár milljónir íslenskra króna. Þá fá þeir sem vinna silfurverðlaun 15.000 bandaríkjadali og 10.000 bandaríkjadali fyrir brons en allir verðlaunahafar greiða skatt af verðlaunafénu. Ekki nóg með það heldur þurfa verðlaunahafarnir einnig að borga skatt út frá verðmæti medalíanna sjálfra.

Gull- og silfurmedalíur eru að mestu gerðar úr silfri en bronsmedalíurnar úr kopar. Eru medalíurnar á Ólympíuleikum í ár með þeim þyngstu í sögunni og eru úr 500 grömmum af ýmist silfri eða kopar. Gullmedalía er metin á 564 bandaríkjadali eða um 66 þúsund íslenskar krónur. Þá er silfrið metið á 305 bandaríkjadali en bronsið er ekki nógu verðmætt til þess að skattar séu lagðir á það.

Þetta eru eflaust góðar fréttir fyrir þá bandarísku íþróttamenn sem hlotið hafa verðlaunapeninga á Ólympíuleikum í ár en bandaríska ólympíunefndin borgar þeim sem hljóta gullverðlaun 25.000 bandaríkjadali fyrir eða tæpar þrjár milljónir íslenskra króna. Þá fá þeir sem vinna silfurverðlaun 15.000 bandaríkjadali og 10.000 bandaríkjadali fyrir brons en allir verðlaunahafar greiða skatt af verðlaunafénu. Ekki nóg með það heldur þurfa verðlaunahafarnir einnig að borga skatt út frá verðmæti medalíanna sjálfra.

Gull- og silfurmedalíur eru að mestu gerðar úr silfri en bronsmedalíurnar úr kopar. Eru medalíurnar á Ólympíuleikum í ár með þeim þyngstu í sögunni og eru úr 500 grömmum af ýmist silfri eða kopar. Gullmedalía er metin á 564 bandaríkjadali eða um 66 þúsund íslenskar krónur. Þá er silfrið metið á 305 bandaríkjadali en bronsið er ekki nógu verðmætt til þess að skattar séu lagðir á það.

Í samtali við CNN segist skattasérfræðingurinn Steven Gill efast um að væntanlegt frumvarp myndi breyta einhverju fyrir íþróttamennina. Bendir hann á að ef skattarnir yrðu teknir af verðlaunafénu gæti bandaríska ólympíunefndin brugðist við með því að lækka peningaupphæðina sem hver verðlaunahafi fær. Þá benti hann á að íþróttamenn í Bandaríkjunum fá lítinn sem engan ríkisstyrk og það að taka í burtu skattana breyti því ekki og sé því aðeins skammtímalausn.

Frumvarpið var samþykkt í neðri deild þingsins í síðasta mánuði og bíður nú umræðu í efri deild.

8,2 milljóna skattsekt vegna veðmála

Kópavogsbúi var á dögunum sektaður af yfirséðanefnd fyrir að hafa vantalið tekjur sem hann hafði af veðmálum.

Jóhann Óli Eirísson joli@vb.is

Recommend 20 Tweet



Veðmál í tengslum við íþróttaviðburði njóta talsverðra vinsælda. Haraldur Guðjónsson

Kópavogsbúi var á dögunum sektaður af yfirséðanefnd (YSKN) fyrir að hafa sleppt því að telja fram tekjur sem hann hafði af veðmálum á erlendra veðmálasíðu. Samtals þarf maðurinn að greiða 8,2 milljónir í sekt.

Rannsókn málsins hófst í ágúst í fyrra og lauk henni í desember. Niðurstöður hennar voru að maðurinn hefði vantalið tekjur af veðmálum árin 2014-2016 og vanrækt að gera grein fyrir erlendum bankareikningum. Tekjur mannsins af veðmálunum námu 4,3 milljónum tekjuárið 2014, 7,4 milljónum tekjuárið 2015 og 1,7 milljónum tekjuárið 2016. Samtals rúmlega 13,4 milljónir króna. Með háttsemi sinni hefði hann komist hjá því að greiða um 4,6 milljónir í tekjuskatt og útsvar.

Tekjuhugtakið, þróun

- Íslenska tekjuhugtakið er þröngt
 - Afhendingargæði, afnotagæði og móttökugæði
- Tekjuhugtakið, sem notað var frá 1921 til 1978, er þó ekki það sama og núgildandi tekjuhugtak
- **T.d. var hagnaður af sölu eigna undan-
þeginn tekjuskatti frá 1921 til 1979**
 - Menn töldu að hann skapaði ekki greiðslugetu þar sem ávinningurinn væri fyrst og fremst notaður til að kaupa nýjar eignir
 - Hugsanlega gætir hér líka áhrifa hins þjóðhagsfræðilega tekjuhugtaks ...

Úttekt úr rekstri

- Tekjur myndast við yfirfærslu. Það er meginreglan
- Í undantekningartilvikum geta tekjur þó myndast af bókhaldstæknilegum ástæðum án þess að um nokkra yfirfærslu sé að ræða. Hér til telst t.d.
 - Framleiðsla á lager. Hráefni, vörur í vinnslu, fullunnar vörur. Bústofnsaukning
- Síðast en ekki síst geta tekjur orðið til við úttekt úr atvinnurekstri. Þetta gildir bæði í einstaklingsrekstri og félagarekstri

YSÚ 358/2006

Yfirfærsla, breyting

- Á grundvelli sérstakrar heimildar í lögum um húsnæðismál skipti kærandi á **húsbréfum** í sinni eigu fyrir **íbúðabréf**
- Í úrskurði yfirskattanefndar var talið að skiptin (yfirfærslan) hefðu í för með sér að skattleggja bæri vaxtatekjur kæranda sem féllu til vegna afhendingar húsbréfanna

Efnahagsleg gæði

verðmat tekna - tapaðar tekjur

- **Markaðsverð.** Gangverð á hlutaðeigandi stað og tíma. Hlutlægt viðmið. Almennt óháð persónu skattaðila
- **Undantekning.** Þér hlotnast eitthvað sem þú myndir aldrei geta veitt þér sjálfur. Dæmi:
 - Skúringakona/-maður vinnur vikudvöl á lúxushóteli, hálfsmánaðar skemmtisiglingu um Karabíahafið
 - Vinningurinn er að verðmæti 1,5 millj. en konan myndi í hæsta lagi geta greitt 150 þús. fyrir verðmætin
 - Við skattlagningu er gengið útfrá verðmæti vinningsins fyrir hana

Ýmis gangverð

- Vinna. Kjarasamningar. Viðmiðunarreglur fjármálaráðherra
- Fasteignir, bifreiðar, skip og flugvélar
 - Hægt er að miða við (síðustu) nýlegar sölur.Gangverð skv. upplýsingum
fasteignasala/bifreiðasala, skipasala. Brunabótamat.
Fasteignamat
- Kvóti. Markaðsverð
- Hlutabréf. Markaðsverð. Síðustu sölur. Eigið fé
- Sé ekki hægt að nota neitt af þessu verða skatt yfirvöld að ákvarða verðið að álitum sem kallað er

Erfingjar nóbelsskáldsins gefast upp gagnvart síðustu aðförinni

Erfingjar Halldórs Laxness hafa undanfarin fjögur ár staðið í stappi við sýslumann vegna skipta á dánarbúi föður síns. Dóttir nóbelsskáldsins talar um fordæmalausar ofsóknir í því samhengi og hreina og klára vald-niðslu af hálfu sýslumanns. Málinu lauk með úrskurði yfirskattanefndar, sem verður ekki áfrýjað úr þessu.

SAMFÉLAG Leikstjórninn Guðný Halldórsdóttir Laxness segir að ofsóknir íslenskra skattayfirvalda gegn föður hennar ná út yfir gróf og dauða. Erfingjar nóbelsskáldsins hafa deilt við skattayfirvöld síðastliðin fjögur ár vegna skipta á dánarbúi hans.

Í október 2012 lést Auður Laxness en hún hafði setið í óskiptu búi eftir eiginmann sinn frá því að hann lést í febrúar 1998. Í kjölfar andláts hennar óskuðu erfingjar eftir því að ljúka einkaskiptum á búi hjónanna en sýslumannsembætti hafnaði því þar sem það taldi verðmæti höfundaréttar vanmetinn í erfðafjárskýrslu erfingja. Í skýrslunni var höfundarétturinn metinn á 500 þúsund krónur.

Samtímis synjuninni lagði sýslumaður það til að skipaður yrði matsmaður til að meta verðmæti höfundaréttarins. Reiknaði sá út vegið meðaltal teknanna árin 2010-13 og komst að þeirri niðurstöðu að verðmætið væri 28 milljónir króna.

Þetta sættu erfingjarnir sig ekki við og kærdðu niðurstöðuna til yfirskattanefndar. Í greinargerð þeirra kom fram að höfundarétturinn væri óseljanlegur sæmdarréttur og því myndaði hann ekki skattstofn. Þeir „hafi metið höfundaréttinn á 500.000 kr. í einkaskiptabeidni og hafi það verið meira gert af kurteisri við íslenska ríkið og íslenska þjóð en nokkru öðru þótt skoðun kærenda sé að verðmæti höfundaréttarins sem skattstofn sé í raun 0 kr. Er í því sambandi vísað til árangurslausra sölutilrauna á útgáfuréttindum vegna verka [Halldórs]“.



Auður Laxness sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn. Höfundaréttur verka Halldórs var metinn á 28 milljónir króna af matsmanni. FRÉTTABLAÐID/GVA

Skemmt er frá því að segja að yfirskattanefnd féll ekki á þessi rök. Þá benti nefndin á að hefðu erfingjarnir verið ósáttir við matið hefði þeim verið í löfa lagið að krefjast yfirmats. Kröfum þeirra var hafnað.

„Skatturinn virðist halda að við séum með nóbelsspeninginn undir koddanum en íslenska ríkið fékk hann að gjöf. Það hefur enginn íslenskur listamaður lent í slíkum ofsóknum af skattsins hálfu sem

hann faðir minn. Yfir gróf og yfir dauða,“ segir Guðný Halldórsdóttir. Hún segir að sýslumaðurinn hafi troðið upp á þau matsmanni sem hefði ekkert vit á bókmenntum og listum.

„Mér sýnist sýslumaður ekki hafa farið að lögum og ráðið hæfan matsmann, heldur ungan ofurlaunaðan hagfræðing úti í bæ, sem veit ekkert um höfundarétt. Þetta er hrein og klár valdniðsla.“

Það hefur enginn íslenskur listamaður lent í slíkum ofsóknum af skattsins hálfu sem hann faðir minn.

Guðný Halldórsdóttir Laxness



Guðný segir að nefndin hafi ekki tekið efnislega afstöðu til matsins heldur aðeins bent á að erfingjarnir hefðu getað krafist yfirmats. Hún bætir því við að slíkt hefði kostað alla vega þrenn árslaun rithöfundar og „sennilegast orðið ágiskun líka“.

Að sögn Guðnýjar eru engin fordæmi fyrir gjörningi sem þessum. „Ég hef verið í sambandi við niðja annarra rithöfunda og enginn hefur þurft að borga skatt af ímynduðum framtíðartekjum nokkurs listamanns.“

Líkt og áður segir verður skattstofn höfundaréttarins 28 milljónir króna. Frá því dregst kostnaður við matsgerðina, en gerð hennar tók um tvær vikur, en hann var tæpar 1,4 milljónir króna. Úrskurður nefndarinnar verður ekki kærdur áfram.

„Við gefumst bara upp gagnvart þessari, vonandi, síðustu aðför sýslumanns gegn Halldóri Kiljan Laxness,“ segir Guðný. johannoli@frettabladid.is

HÖNDUM
ÍSLANDI

VOLVO
PENTA

Verktaki þarf að borga aðflutningsgjöld aftur sem hann var búinn að greiða

SKATTAMÁL Verktakafyrirtæki þarf

Heimfærsla tekna

tilheyrsla=hjá hverjum ber að skattleggja tekjurnar
allocation

- Laun og skyldar tekjur skv. A-lið 7. gr. TSL
 - Laun – tilheyra þeim sem innir vinnu af hendi
 - Ath. andlátslaun. Jarðafararstyrkir. Hverjum tilheyra þeir?
 - Vátryggingabætur þar með talið skaðabætur – tilheyra tjónþola
 - Bætur vegna missis framfæranda – tilheyra erfingjum, það er eiginkonu og börnum
 - Endurgjald til höfunda – tilheyra höfundum, rétthafa
 - Styrkir og hvers konar tryggingabætur almanna trygginga – tilheyra rétthafa
 - Gjafir – tilheyra gjafþega

Heimfærsla tekna - framhald

- Tekjur af eignum, sbr. C-lið 7. gr.TSL
 - Leiga – tilheyrir eiganda eignar. Ath. þó framleigu. Endurgjaldslaus afnot af íbúð
 - Arður – tilheyrir eiganda hlutabréfs
 - Vextir – tilheyra eiganda kröfu (lánveitanda)
- Tekjur af atvinnurekstri, sbr. B-lið 7. gr.TSL tilheyra þeim sem stendur fyrir rekstrinum
 - Ath. atvinnurekstur hjóna

Úrskurður nr. 225/2007

Gjaldár 2004 og 2005

- Kæruefni í máli þessu voru þær breytingar skattstjóra á skattframtölum kæranda árin 2004 og 2005 að færa kæranda til eignar að öllu leyti tilgreint íbúðarhúsnæði og færa honum til tekna húsaleigutekjur af umræddu húsnæði, en kærandi var þinglýstur eigandi íbúðarinnar og skráður eigandi hennar samkvæmt skrám Fasteignamats ríkisins
- Kærandi hélt því hins vegar fram **að íbúðin væri að helmingi í eign dóttur sinnar** og að greindar húsaleigutekjur af eigninni tilheyrðu henni alfarið. Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að kærandi hefði ekki lagt fram gildan afsalsgerning til staðfestingar á ráðstöfun umrædds eignarhluta í íbúðinni til dóttur sinnar þrátt fyrir ítrekað tilefni. Var því ekki hróflað við hinum kærðu eignfærslum skattstjóra
- Af því þótti og leiða að húsaleigutekjur af íbúðinni bæri að telja til skatt skyldra tekna kæranda, en samkvæmt greiðslumiða leigjanda og þinglýstum húsaleigusamningi var kærandi talinn leigusali. Var kröfum kæranda hafnað

YSÚ 114/2003

Eðli tekna

- Deilt var um hvort virða bæri eign kæranda í stofnsjóði samvinnufélags (afurðafélags) sem eign tilheyrandi búrekstri kæranda, svo sem skattstjóri áleit, eða sem eign utan rekstrar, svo sem kærendur héldu fram, en úrlausn þess skipti máli varðandi skattalega meðferð vaxtatekna af stofnsjóðseigninni
- Yfirskattanefnd benti á að kærendur hefðu ekki vefengt að stofnsjóðseignin væri að öllu leyti sprottin **af innleggi**. Þar sem þannig var óumdeilt að stofnsjóðsinneignin væri að öllu leyti til komin vegna atvinnurekstrar kæranda var kröfu þeirra hafnað

Endurgjaldslaus af íbúð

- Sigga er hjartagóð kona. Í janúar aumkaði hún sig t.d. yfir hann Magga sem hafði verið sagt upp íbúð sinni
- Af góðmennsku einni leyfði hún Magga semsé að búa í kjallaraíbúð sem hún á. Með þessu móti sparar Maggi sér leigu að fjárhæð 80 þús. á mánuði
- Þarf Sigga og eða Maggi að hafa einhverjar áhyggjur af þessu ráðslagi gagnvart skattyfirvöldum?
- Athugið 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. TSL

Tilheyrsla tekna kröfuhafi - skuldari

- Tekjur tilheyra þeim sem á lögvarða kröfu á tekjunum (greiðslunni)
- Á sama hátt tilheyra gjöld þeim sem hefur stofnað til þeirra/skyldur er að greiða þau: er skyldur til að endurgreiða skuldina skv. lögum

YSÚ 65/1999

- Fallist var á það með **kærandi** að telja bæri fengnar tryggingabætur vegna tímabundinnar örorku til **rekstrartekna** hans – fyrirtæki, frádráttur
- Var m.a. vísað til þess að í skatt- og úrskurðaframkvæmd hefði verið fallist á að telja iðgjöld sjálfstætt starfandi manna af slíkri tryggingu, sem um ræddi í málinu, til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar þeirra

Afsal tekna

- Taki maður að sér að vinna fyrir líknarfélag í sjálfboðavinnu myndi vinnan ekki hafa nein áhrif skattalega fyrir hann
- Sama gildir ákveði hann að aðstoða vin sinn við byggingu sumarbústaðar
 - Hins vegar geta skattyfirvöld skattlagt þiggjanda vinnunnar eins og honum hafi hlotnast gjafavinna
- Ath. að hægt er að afsala sér tekjum til hags bóta fyrir annan
 - Til að fyrirbyggja tvískattlagningu er þó nauðsynlegt að afsalið sé gert áður en tekjurnar eru innunnar. Ekki er þó víst að þetta eigi við reisingu sumarhúss í gjafavinnu

Úthlutun arðs

- Í félaginu X ehf. eru fjórir hluthafar. Nú liggur fyrir að halda aðalfund og er samkomulag um að þrír hluthafar ætla að afsala sér arði til hagsbóta fyrir þann fjórða
- Er þetta heimilt að þínu mati ef svo er hvaða skilyrðum þarf afsalið að fullnægja?

Tímafærsla tekna og gjalda

innlausn tekna og lotun gjalda

- Sjá ákvæði 2. mgr. 59. gr. TSL og 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL. **Réttaröðlunarregla.** Gengið út frá stofnun kröfu og myndun skyldu. Kröfustofnun - Skyldumyndun
- Tekjur teljast til tekna þegar myndast hefur (endanleg) krafa þeirra vegna (um greiðslu þeirra) á hendur **einhverjum nema um óvissar tekjur sé að ræða**

YSÚ 61/2007

Óvissar Tekjur eða Tekjur sem þú ert óafvitandi um

- Kærandi í máli þessu mótmælti skattlagningu greiðslu frá lífeyrissjóði, sem forskráð var í skattframtali hans árið 2005, á þeim grundvelli að um væri að ræða greiðslu örorkulífeyris er tilheyrði árunum 1997-2003 er koma ætti til skattlagningar á þeim árum
- Í úrskurði yfirsattanefndar kom fram að kærandi hefði átt **í deilu** við lífeyrissjóðinn um lífeyrisrétt sinn gagnvart sjóðnum sem ekki hefði verið leyst úr fyrr en á árinu 2004 þegar umrædd greiðsla var innt af hendi
- Var fallist á með skattstjóra að umrædd greiðsla hefði verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 þar til samkomulag tókst um hana á árinu 2004 og hún var greidd. Kæranda hefði því borið að telja greiðsluna til tekna tekjuárið 2004

YSÚ 750/1998

- Kærandi fékk árið 1992 greidda dagpeninga frá tryggingafélagi vegna slyss sem hann varð fyrir árið 1989 og kom fram af hálfu kæranda að greiðsla þessi væri vegna áranna 1989 og 1990. Þá fékk kærandi árið 1993 greiddar bætur vegna tímabundinnar örorku á árunum 1989 og 1990
- Þar sem fjárhæð bóta vegna tímabundinnar örorku lá ekki fyrir árin 1989 og 1990, þótt ljóst hafi verið að um bótaskyldu var að ræða, var talið að um óvissar tekjur hefði verið að ræða í skilningi 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 þar til samkomulag náðist um fjárhæð bótanna árið 1993
- Bæri því að telja greiðslu tryggingafélagsins til tekna árið 1993. Þá var talið að fara yrði um dagpeninga eftir sömu reglu, þannig að þeir teldust til tekna árið 1992, enda hefðu engar skýringar komið fram á því að þeir voru ekki greiddir fyrr en á því ári

YSÚ 1208/1998

- Vátryggingafélag greiddi kæranda innborgun á örorkutjón samtals 1.000.000 kr. árið 1995 og færði skattstjóri þá fjárhæð til tekna í skattframtali kæranda árið 1996. Í lokauppgjöri tryggingafélagsins vegna bótagreiðslna til kæranda, sem fram fór árið 1997, kom fram að hlutur bóta vegna tímabundinnar örorku í heildarfjárhæð bóta næmi 1.000.000 kr.
- Talið var að þar sem fjárhæð bóta vegna tímabundinnar örorku hefði ekki legið fyrir fyrr en við lokauppgjör árið 1997, þótt ljóst hafi verið að um bótaskyldu var að ræða, hefðu bætur þessar verið óvissar tekjur, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981, þar til samkomulag hefði náðst um fjárhæð bótanna
- Þó var talið að greiðsla að fjárhæð 400.000 kr., sem innt var af hendi árið 1995 sem innborgun vegna örorkutjóns, hefði verið nægilega sérgreind vegna tímabundinnar örorku þannig að skattleggja bæri hana gjaldárið 1996. Var tekjufærsla skattstjóra því látin óhögguguð standa varðandi þessa greiðslu. Aðrar innborganir árið 1995, samtals 600.000 kr., sem skattstjóri hafði talið til tekna kæranda með sama hætti, voru í gögnum málsins ekki tilgreindar vegna tímabundinnar örorku. Var tekjufærslu skattstjóra hnekkkt að því er þær varðar

YSÚ 492/2012

- Með úrskurði úrskurðarnefndar atvinnuleysisis bóta og vinnumarkaðsaðgerða í maí 2011 voru kæranda ákvarðaðar atvinnuleysisbætur vegna ársins 2010
- Yfirskattanefnd taldi að um óvissar tekjur hefði verið að ræða þar til úrskurður um bótarétt kæranda lá fyrir á árinu 2011, enda hefði Vinnumálastofnun vefengt rétt kæranda til bótagreiðslu
- Var því fallist á kröfu kæranda um skattlagningu bótanna tekjuárið 2011 ekki 2010 eins og skattstjóri hafði gengið út frá við álagningu hans

Ferill viðskipta - getur verið flókið

hvenær á kaupmaður að tekjufæra sölu

- Skoðun eignar
- Pöntun munar
- Tryggingagreiðsla
- Aðgreining
- Pökkun
- Staðfestingargjald
- Reikningsútskrift
- Sending
- Ábyrðaryfirfærsla
- Fyrirframgreiðsla
- **Afhending**
- Móttaka
- Eftirágreiðsla
- Greiðsla Lánsviðsk

Varúðarsjónarmið - Bókhaldið

- Bókhaldið á að gefa **rétta mynd** af tekjum og gjöldum, eignum og skuldum
- **Rétta mynd ... Hvað þýðir þetta?**
- Tekjur á ekki að telja til tekna fyrr en fullvíst er að manni/fyrirtæki muni hlotnast þær
- Gjöld ber hins vegar að færa strax og þau eru sennileg

„Hvað merkja orðin glögg mynd?"



Skýrsla rannsóknarnefndarinnar í bókabúð. mbl.is/ÁrniSæberg

„Er orðið glögg mynd sjálfstætt hugtak eða verður að spyrða það saman við eitthvert regluverk, þannig að endurskoðendur hafi almennt hugsað þetta mál þannig, þ.e. að þeir beri ekki ábyrgð á því þó að lögin og reglurnar dragi fram glögg mynd?" spurði Stefán áfram. „Ef reglurnar gera það ekki, að þá segi sko: Glögg mynd í samræmi við – og þið þekkið orðalagið – glögg mynd í samræmi við regluverkið sjálft. Og þetta þýðir að, að jafnvel þótt í einhverjum svona venjulegum skilningi þessara orða ekki birtist þarna glögg mynd, þá segja menn: Það er ekki mitt mál vegna þess að ég er að staðfesta að það var farið eftir reglunum og þetta er glögg mynd í samræmi við reglurnar sjálfar.“

Rannsóknarnefndin segir í skýrslunni, að endurskoðendur hafi ekki sinnt skyldum sínum nægilega vel við endurskoðun reikningsskila fjármálafyrirtækjanna árið 2007 og við hálfársuppgjör 2008. Einkum eigi það við um rannsókn þeirra og mat á virði útlána til stærstu viðskiptavina fyrirtækjanna, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér. Í þessu sambandi verður að árétta að aðstæður höfðu á þessum tíma þróað með þeim hætti að sérstakt tilefni var til þess að gefa þessum atriðum gaum.

Í skýrslu nefndarinnar er haft eftir Sigurði Jónssyni, löggiltum endurskoðanda hjá KPMG, endurskoðunarfyrirtæki Kaupþings, að þegar stjórnendur bankanna séu að gera upp og KPMG að endurskoða á miðju ári 2008 þá sé ákveðin staða uppi í samfélaginu í víðasta skilningi, bæði hérlandis og erlendis. „(P)að er á þeim forsendum, sem þá liggja fyrir, sem við endurskoðum og væntanlega stjórnendur eru að gera upp. Það er líka mjög mikilvægt að hafa það í huga, að okkar reglur beinlínis banna okkur – banna okkur – að taka tillit til atburða, sem ekki hafa átt sér stað, þ.e.a.s. vera í spekulatífum vangaveltum um hvað kunni að gerast síðar.“

Stefán spyr áfram: „En trúðu menn því virkilega í árslok 2007 og á miðju ári 2008 þegar menn skrifuðu undir reikningana, að þeir gæfu glögg mynd af rekstrar- og efnahag félaganna, að þeir væru að segja satt? Nema þeir hafi algjörlega orðið viðskila við það, sem var að gerast í bönkunum sjálfum, því í bönkunum sjálfum frá ársbyrjun 2007 og raunar frá árslokum 2006, þá eru menn komnir í þann anda að endurfjármagna sig og í endalausum vandræðum með það.“

„Hvað merkja orðin glögg mynd?" spurði Stefán Svavarsson, prófessor, þegar hann gaf skýrslu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis í vetur. Lög og góðar reikningsskilavenjur kveða á um að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis og þeim eignum og skuldum sem eru til staðar. Endurskoðendur árituðu milliuppgjör allra bankanna um mitt ár 2008 og staðfestu að þau gæfu glögga mynd af fjárhagsstöðu og atkomu þeirra.



Mest lesið Í gær Vikan

1. Jarðskjálfti í Reykjavík
2. Líkur á fleiri skjálftum
3. Annar stór skjálfti
4. Fór fram af klettum
5. Skjálftinn var nær Reykjavík
6. Jarðskjálftar við Kleifarvatn
7. Kaðrar fundu högg á botninum

Fasteignir Leiga Smáar Atvinna/Rað

finnur.is

Leitaðu í smáauglýsingum

Leita

BLEKHYLKI

Ódýr gæðablekhyki og toner í prentarann ...

Antik sófasett

Sófasett til sölu, litur ágætlega út. Verðhugmynd 70.þús. Upplýsingar í síma 862...

STERLING GASGRILL

Er að selja Sterling gasgrill, vel með farið. Hætt að selja

Próf til greiningar á

ristilkrabbameini.

Erna með áfróðingum

Viðmið tekjuskattslaga ...

- Fjallað er um tímafærslu tekna og gjalda í nokkrum lögum svo sem lögum
 - um tekjuskatt, sjá 59. gr. Kröfumyndun
 - um virðisaukaskatt, sjá 13. gr. Afhending – reikningsútgáfa, greiðsla
 - um bókhald, sjá 9. gr. Jafn skjótt og viðskipti fara fram - Afhending
- Hvað segja þessi lög? Eru þau samstíga
- Við val á tímapunkti er þýðingarmikið að gæta samræmis

Tímafærsla einstakra tekna

- Vörur og þjónusta, einstök kaup - afhending
- Vinna - afhending. Orlof. Ath. gjaldþrot
- Styrkir, hvers konar tryggingabætur - greiðsla
- Skaðabætur – tjónsdagur. Óvissa
- Verðlaun, vinningar – ákvörðun, úrdráttur -
- Leiga - áfellingar tími
- Arður - ákvörðun aðalfundar, dags. úttektar
- Vextir – áfellingar tími. Sjá 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. TSL og 1. tölul. 1. mgr. 49. gr. TSL – atv.
– Greiðslutími hjá mönnum, sbr. 2. mgr. 8. gr. TSL

Meginregla

- Tímamark. Afhending eða áfelling
- Með afhendingu er átt við þann dag er áhætta af því að vara farist eða skemmist flyst frá seljanda til kaupanda
- Um nánari skilgreiningu á þessu tíma-marki vísast til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000
- Með áfellingu er hins vegar átt við umlíðan leigu, kröfu ...

Úrskurður yfirskaðanefndar

83/2008

- Ágreiningsefni máls þessa varðaði skattalega meðferð leigðs aflamarks (leigukvóta) í skattskilum kæranda. Skattstjóri taldi að kæranda væri óheimilt að gjaldfæra kostnað vegna leigu á **aflamarki** að öllu leyti á því ári sem leigan átti sér stað, heldur hefði borið að eignfæra kostnað vegna þess hluta hins leigða aflamarks sem ónýttur var við áramót. Ekki var þannig deilt um frádráttarbærni útgjalda vegna leigu á aflamarki, heldur um tímamark gjaldfærslunnar. Í úrskurði yfirskaðanefndar var m.a. vísað til álits reikningsskilanefndar Félags löggiltra endurskoðenda varðandi meðferð aflamarks í reikningsskilum sem talið var upplýsa um góða reikningsskilavenju í þessu sambandi. Var fallist á með skattstjóra að ekki hefði staðist að gjaldfæra hið leigða aflamark að öllu leyti án tillits til nýtingar aflamarksins. Með vísan til fyrrgreinds álits reikningsskilanefndarinnar, þar sem gengið var út frá því að aflamark vegna veiðitímabils á komandi ári bæri að færa til gjalda „hlutfallslega á tvö reikningsskilatímabil“, var hins vegar fallist á að hækka gjaldfærslu aflamarks frá því sem skattstjóri hafði ákveðið. Tekið var fram að umrædda „hlutfallsreglu“ yrði þó að skýra svo að hefði nýting aflamarks á því rekstrarári, þegar öflun þess fór fram, verið meiri en leiddi af greindri reglu yrði að miða gjaldfærslu við **NÝTINGUNA**, svo sem við átti í tilviki kæranda tilgreind rekstrarár

Undantekning frá meginreglu

- **Fjármagnstekjur einstaklinga**, sjá 2. mgr. 8. gr.

TSL

- Leiga telst til tekna eftir áfellingartíma það er óháð greiðslu. Hins vegar teljast vextir af reikningum í innlánsstofnunum til tekna þegar **þeir eru færðir eiganda til eignar um áramót**. Hér gildir áfellingarregla því ekki
- Þessu er eins farið um vexti af hvers konar kröfum. Telja ber þá til tekna þegar þeir eru **greiddir eða greiðslukræfir**. Eigi maður **útistandandi vexti** um áramót þarf hann því ekki að svara skatti af þeim. Í því sambandi gildir einu þótt þeir séu gjaldfallnir

Úrskurður nr. 185/2013

Gjaldár 2011

- Fallist var á með kæranda að skatt lagning vaxtatekna af bankareikningum í eigu tveggja barna hans gjaldárið 2011 fengi ekki staðist þar sem um væri að ræða reikninga **þar sem höfuðstóll og vextir væru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða**

Úrskurður nr. 586/2012. Gjaldár 2011

- Í máli þessu var deilt um ákvörðun fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum vegna sölu kæranda á **spariskírteinum ríkissjóðs** og **hlutdeildarskírteinum** á árinu 2010. Umræddar vaxtatekjur voru skattlagðar í 18% skattþrepi fjármagnstekjuskatts við álagningu gjaldárið 2011
- Með úrskurði yfirséðanefndar var fallist á að skattleggja bæri vaxtatekjur af **spariskírteinum ríkissjóðs**, sem féllu til á tímabilinu 1. janúar 1997 til og með 30. júní 2009 í 10% skattþrepi fjármagnstekjuskatts og að skattleggja bæri vaxtatekjur af spariskírteinum sem féllu til á tímabilinu 1. júlí til og með 31. desember 2009 í 15% skattþrepi fjármagnstekjuskatts
- Kröfu kæranda varðandi skattlagningu vaxtatekna af innlausn **hlutdeildarskírteina** var hins vegar hafnað þar sem talið var að umræddar tekjur, þ.e. gengishækkun skírteinanna á eignarhalds tíma kæranda, gætu ekki að neinu leyti talist áfallnar fyrr en við innlausn skírteinanna á árinu 2010

YSÚ 448/2012

- Með dómi í ársbyrjun 2011 var **Landsvirkjun** dæmd til að greiða kæranda endurgjald vegna skerðingar vatnsréttinda ásamt vöxtum frá 22. ágúst 2007 til greiðsludags. Fyrir yfirséttanefnd var deilt um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjunum, en af hálfu kæranda var því haldið fram að skattleggja bæri þann hluta vaxtateknanna, sem fallið hefði til á árunum 2008-2010, í samræmi við þau skatthlutföll fjármagnstekjuskatts sem þá hefðu verið í gildi
- Í úrskurði yfirséttanefndar var bent á að í dómsmálinu hefði verið ágreiningur um greiðsluskyldu Landsvirkjunar gagnvart kæranda. Af því þótti leiða að vextir af kröfu kæranda gætu ekki talist áfallnir eða áunnir fyrr en krafan sjálf hefði verið viðurkennd með dómnum, hvað sem liði umdæmdu vaxtatímabili. Því hefði borið að haga staðgreiðsluskilum vegna vaxtateknanna í samræmi við gildandi skatthlutfall á þeim tíma þegar niðurstaðan í dómsmálinu lá fyrir og þar með tímamark tekjufærslu. Var kröfum kæranda hafnað

Afföll - hvers konar tekjur eru það?

- Maður gefur út víxil/skuldabréf að fjárhæð 1 millj. kr. Hann fer svo í banka og selur kröfuna á a) 1050 þús. b) 950 þús.
- Í fyrra tilvikinu hlotnast manninum 50 þús. í affalla tekjur en í síðari tilvikinu verður hann fyrir 50 þús. affallagjöldum
- Affallatekjur og –gjöld eru í eðli sínu hagnaður og tap. **Í skattframkvæmd er hins vegar farið með þau eins og vexti.** Það hefur áhrif á tímafærsluna
- Affallatekjur og –gjöld geta bæði myndast við sölu krafna og skulda svo og afborgun eða innlausn krafna og skulda, þar með talið skuldaraskipti

Tímafærsla affalla

- **Fyrirtæki**

- Afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum. Afföllin skal reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma – **áfellingartími**

- **Einstaklingar**

- Afföll, þ.e. mismunur á uppreiknuðu nafnverði kröfu á kaupdegi að frádregnu kaupverði hennar, skal færa til tekna í hlutfalli við afborganir nafnverðs **þegar þær greiðast**

Gjaldeyrir - meginreglur

- Gengismunur og gengistap í **atvinnurekstri**
 - **Lageraðferð**: Gengishagnaður eða -tap af eign þar með talið peningum eða skuldum að teknu tilliti til afborgunar eða greiðslu telst til tekna/gjalda miðað við **gengi um áramót**, það er óháð því hvort tekjurnar eru innleystar eða ekki
- Gengismunur og gengistap hjá **einstaklingum**
 - **Innlausnaraðferð**: Gengishagnaður miðast við mun á innlagnar/lánsgengi og úttektar/afborgunar gengi. Staðan um áramót skiptir því ekki máli

4. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL

1. gr. laga nr. 165/2010

Af hverju 1. janúar 2010

Tekjufærsla hjá mönnum

Innleystur gengishagnaður af hvers konar **innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt** á því ári **[degi]** sem **innlausn á sér stað** skal færður til tekna og miðast við mismun á kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris [frá **1. janúar 2010** eða síðar] og á úttektar- eða greiðsludegi. Heimilt er að jafna saman gengis hagnaði og gengistapi **hvers** innlánsreiknings fyrir sig innan ársins

3ja ára reglan

Sjá glærupakkann um gengisskattlagningu

- Atvinnurekendum er hlotnast gengishagnaður og -tap í tekjur eða gjöld eru skyldir að tekjufæra eða gjaldfæra upphæðina með jafnri fjárhæð á þremur árum
- Sjá 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 49. gr. TSL

Tímafærsla söluhagnaðar

- Sjá 12.-27. gr. TSL. Hagnaður telst til „**tekna á söluári**“. Þetta er ónákvæmt orðalag
- Í raun miðað við dagsetningu kaupsamnings
 - Kaupsamningur telst dagsettur þann dag er aðilar hafa orðið sammála **um öll helstu atriði viðskiptanna**
- Ath. hvað gerist ef kaup ganga til baka (riftun)
 - Þá er litið svo á að engin sala hafi átt sér stað
 - Ef til vill væri þó réttara að gera mun á atvikum sem aðilar hafa stjórn á eins og vangreiðslu kaupverðs og tilvikum sem þeir hafa engin ráð yfir svo sem synjun á lánsloforði í banka?

YSÚ 171/2005

ágreiningsmál

- Yfirsattanefnd taldi að ágreiningi um skattalega meðferð hagnaðar af sölu fasteignar bæri **almennt að ráða til lykta í skattskilum vegna þess tekjuárs þegar söluhagnaðurinn myndaðist** og þætti engu breyta um það þótt skattaðili nýtti sér lagaheimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar
- Kærandi hafði fært söluhagnaðinn með rekstrartekjum í rekstrarskýrslu með skattframtali sínu árið 2002. Vegna þessa yrði skattaleg meðferð hins umþætta söluhagnaðar ekki tekin til umfjöllunar í kærumáli vegna álagningar opinberra gjalda gjaldárið 2004

Ísl. kröfuréttur

- Ef kaupum er rift er almennt litið svo á að enginn samningur hafi verið gerður
- Skattalögin byggja á þessu. Ef sölu eignar er rift ganga kaupin því til baka í skattalegu tilliti. Þetta hefur bæði kosti og galla?
 - Seljandi: Hafi verið greiddur skattur af hagnaðinum kann seljandi að eiga rétt á endurgreiðslu hans
 - Kaupandi: Hafi kaupverð eignar verið fært niður um fjárhæð frestaðs hagnaðar getur skattskyldan raknað við aftur

Óvissar tekjur – frestun

- Tekjur eru óvissar þegar ágreiningur er um greiðslu og gagngreiðslu það er endurgjald hins selda
- Ágreiningur getur bæði lotið að eðli (eiginleikum) og magni hins selda svo og fjárhæð gagngreiðslunnar
- Tekjur/gjöld teljast óviss **þar til** ágreiningur er til lykta leiddur ef til vill fyrir Hæstarétti
- Ávallt ber þó að tekjufæra/gjaldfæra þann hluta viðskiptanna sem óumdeildur er

Tímafærsla óvissra tekna

- Óvissar tekjur teljast til tekna þegar óvissunni er eytt enda öðlast skattaðili þá endanlegan rétt á tekjunum
- Maður, sem slasast eitthvert ár, ber því ekki að greiða skatt af skaðabótunum á því ári, heldur greiðsluári bótanna, það er þegar endanleg fjárhæð þeirra er staðfest
- Þetta getur leitt til þess að persónuafsláttur mannsins árin sem hann er tekjulaus falli niður ónýttur

DÓMUR Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 2013 í máli nr. E-663/2013: Mikael Jónsson gegn íslenska ríkinu

Ókunnar tekjur eru ekki óvissar

- Með ókunnum tekjum er átt við tekjur, sem maður hefur öðlast endanlegan rétt á, en lætur vera að heimta vegna ókunnugleika um rétt sinn
- Vegna þessa getur liðið nokkur tími jafnvel ár frá því ári er rétturinn til teknanna myndast þar til maðurinn fær tekjurnar greiddar
- Svo uppgötvast mistökin og á maðurinn þá rétt á að láta reikna skatta sína aftur í tímann. Þetta stafar af því að tekjurnar voru ekki óvissar
- Ekki þarf því að óttast að persónuafslátturinn ónýtist þegar svo stendur á

YSÚ 200/2013

- Ríkisskattstjóri færði kæranda til tekna í skattframtali hans árið 2010 greiðslu sem stafaði af endurreikningi og uppgjöri Trygginga stofnunar ríkisins á tekjutengdum bótum kæranda á árinu 2009
- Í úrskurði yfirskattanefndar var rakið að almannatryggingalöggjöf gerði ráð fyrir því að endanleg ákvörðun bóta hvers árs færi fyrst fram að því ári liðnu og að um ákvörðun bótafjárhæða leiddi beint af lögum
- **Að fram komnum upplýsingum um tekjur bótaþega yrði því ekki séð að nein sú óvissa ríkti um greiðsluskyldu, fjárhæðir né tímabil sem gæfi tilefni til að líta á viðbótargreiðslu, sem leiddi af því að tekjur hefðu reynst lægri en áður hefði verið reiknað með, sem óvissar tekjur í skilningi skattalaga**
- Samkvæmt því og þar sem um var að ræða leiðréttingu á bótum sem greiða átti kæranda á árinu 2009 var talið að greiðslan hefði með réttu verið færð kæranda til tekna í skattframtali hans árið 2010

Skattfrjálsar tekjur

Tekjur undanþegnar skatti

1. Sjá 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Meðlag. Barnalífeyri. Makalaun. Styrkir
2. Sjá 4. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Tækifærisgjafir. Verðlitlir vinningar
3. Sjá 2. tölul. 1. mgr. A-liðar 30. gr. TSL. Launagreiðslur alþjóðastofnana. Staðaruppbætur
4. Sjá 3. tölul. 1. mgr. A-liðar 30. gr. TSL. Hapdrættisvinningar
5. Sjá 28. gr. TSL. Almennt ákvæði
6. Sjá 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. TSL. Ættleiðingar styrkur

Sjá 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL

Þó skal hvorki teljast til tekna

- ... barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 20. gr. laga um almannatryggingar, 3. gr. laga um félagslega aðstoð og lögum um slysatryggingar almannatrygginga vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né heldur barnsmeðlag að því leyti sem það takmarkast af fjárhæð barnalífeyris skv. 20. gr. laga um almannatryggingar eða af meðlagsúrskurði sýslumanns eða samkomulagi um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni, þó aldrei hærra en sem nemur fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 20. gr. laga um almannatryggingar
- Meðlög eða framfærslulífeyrir til maka eða fyrrverandi maka telst ekki til tekna hjá móttakanda hafi hjónin slitið samvistum eða eftir lögskilnað, að því leyti sem greiðslur þessar takmarkast við sömu fjárhæð og lágmarksörorkulífeyrir (grunnlífeyrir) er til einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar
- Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokum fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda



Samkvæmt bréfi ráðuneytisins frá 6. janúar 2015 eru fjárhæðirnar sem hér segir, en þær eru uppfærðar árlega miðað við vísitölu neysluverðs, síðast í desember 2014 422,3 stig.

Tekjur á mánuði	1 barn	2 börn	3 börn
U.þ.b. kr. 456.000	Lágmarksmeðlag+50%	Lágmarksmeðlag + 25%	
U.þ.b. kr. 501.000	Lágmarksmeðlag+75%		
U.þ.b. kr. 550.000	Lágmarksmeðlag+100%	Lágmarksmeðlag + 50%	Lágmarksmeðlag +25%
U.þ.b. kr. 606.000		Lágmarksmeðlag + 75%	
U.þ.b. kr. 666.000		Lágmarksmeðlag+100%	Lágmarksmeðlag + 50%
U.þ.b. kr. 733.000			Lágmarksmeðlag +75%
U.þ.b. kr. 806.000			Lágmarksmeðlag +100%

Við útreikning tekna aðila eru venjulega lagðar til grundvallar meðaltekjur þeirra tvö til þrjú næstliðin ár, m.a. í því skyni að jafna út þær sveiflur sem kunna að vera í tekjuöflun milli ára, án þess að um varanlegar breytingar á tekjum sé að ræða.

4. tölul. A-liðar 7. gr. TSL

Til tekna teljast

- Verðlaun og heiðurslaun, vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni. Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða
- Undanskildar [tekjuskatti og útsvari] eru þó tækifærisgjafir, **enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum**

YSÚ 252/1997

- Kærandi mótmælti skattlagningu **ferðavinnings**, m.a. með vísan til skattframkvæmdar. Yfirskattanefnd féllst ekki á þau sjónarmið, enda ljóst að **ekki** var um tækifærisgjöf að ræða
- Þá yrði ekki séð að fjármálaráðherra hefði ákveðið að vinningurinn teldist ekki til skattskyldra tekna, svo sem honum væri veitt heimild til. **Heimild til að undanþiggja smálega vinninga skattskyldu hefði fyrst komið til framkvæmda á gjaldárinu 1995 og kæmi hún þegar af þeirri ástæðu ekki til skoðunar**
- Til vara krafðist kærandi þess að tiltekinn kostnaður, sem hann hefði haft af því að nýta sér vinninginn, svo sem ferðir og gisting innanlands, yrði dreginn frá hinum skattskyldu tekjum. Yfirskattanefnd féllst ekki á þessa kröfu og taldi að um persónulegan kostnað kæranda hefði verið að ræða



Nágrannar verslunarinnar Vísir við Laugaveg koma til með að sakna hennar en 100 ára verslunarrekstri þar lauk um helgina. Í gær voru menn í óðaönn að ganga frá í húsnæðinu. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Gjafir yfir 120 þúsund krónum skattskyldar

Fréttablaðið fjallaði nýverið um jólagjafir hjá ríkisstofnunum. Fari verðmæti slíkra gjafa yfir 120 þúsund krónur á að borga af þeim skatt að sögn ríkisskattstjóra. Séu gjafirnar hins vegar peningar ber ávallt að telja þær fram til skatts.

SKATTAMÁL Verðmæti tækifærisgjafa má ekki fara yfir 120 þúsund krónur án þess að þær verði taldar fram til skatts. Þetta segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Fréttablaðið fjallaði í janúar um jólagjafir og jólahlaðborð ríkisstofnana og -fyrirtækja. Af þeim 150 svörum sem blaðinu höfðu þá borist mátti ráða að dýrustu gjafirnar sem ríkisstarfsmenn fengu frá vinnuveitanda sínum fyrir síðustu jöl væru að verðmæti tæplega 31 þúsund krónur. Þessar gjafir eru því fjærri því að ná því marki að vera skattskyldar.

Skúli Eggert segir að almennt eigi að telja til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og það sem metið verði til peningaverðs. „Þá skiptir það ekki máli í hvaða formi það er eða hvaðan það stafar,“ segir hann.

Ríkisskattstjóri segir jólagjafir flokkað sem tækifærisgjafir. „Það er auðvitað mjög mismunandi á milli fyrirtækja, stofnana og einstaklinga hvað þeir líta á sem viðunandi gjöf. Það er auðvitað vandrötuð línan þarna, að vera ekki tikið tillit til gjöfum þannig að það móðgi móttakandann og um leið að hafa það

Það er auðvitað vandrötuð línan þarna, að vera ekki tikið tillit til gjöfum þannig að það móðgi móttakandann og um leið að hafa það innan skynsamlegra marka.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri

innan skynsamlegra marka,“ segir Skúli Eggert.

Meginreglan að sögn Skúla Eggerts er sú að jólagjafir frá fyrirtækjum eru ekki skattskyldar nema það séu peningar. „Ef þetta eru peningar sem eru gefnir þá er það ekki annað en launauppbót. Dæmi um slíkt er ef menn fá einhverjar bónusgreiðslur eða greidda einhverja yfirvinnu sem þeir hafa ekki unnið en er einhvers konar jólagjöf eða eitthvað slíkt. Þá er það skattskyldt að fullu,“ segir hann.

Skúli Eggert segir að í öllum tilfellum þurfi að vega þetta og meta. „Það þarf að hafa það í huga þegar verið er að gefa einstaklingsbundnar gjafir,“ segir hann og tekur sem dæmi



Fréttablaðið birti lista yfir dýrustu jólagjafir og hlaðborð 22. janúar.

gjöf sem starfsmenn slá saman í eða fyrirtækið borgar handa starfsmanni sem er að láta af störfum. „Það er einsskiptis athöfn, það er tækifærisgjöf. Jafnvel þó að það væri eitthvað sem kostaði jafnvel hundrað þúsund krónur eða eitthvað þess háttar, þá er ekki hægt að líta á það sem skattskyldt í þeim skilningi.“ gar@frettabladid.is

YSÚ 156/2014

Hvað er gjöf??? Óeðlilegt verð

- Í máli þessu var deilt um verðmæti hlutabréfa kæranda í X hf. við framsal hlutabréfanna til Z ehf., sem var í eigu kæranda, á árinu 2006. Taldi ríkisskattstjóri að söluverð bréfanna hefði verið óeðlilega lágt, þ.e. miðað við gengið **4,5**, og að borið hefði að miða verð þeirra við **reiknað innra virði** X hf. samkvæmt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2005, þ.e. miðað við gengið **11,59**, enda hefði þekktu gangverði hlutabréfanna ekki verið fyrir að fara
- Af hálfu kæranda var einkum vísað til þess að hlutabréfin í X hf. hefðu verið metin á genginu 4,5 í **skilnaðarsamningi kæranda og fyrrum eiginkonu hans í ársbyrjun 2006** og við ákvörðun erfðafjárskatts vegna fyrirframgreiðslu arfs í ágúst 2006
- Yfirsattanefnd taldi að verðmat eigna við fjárskipti vegna **hjónaskilnaðar** gæti almennt ekki talist veita tryggar upplýsingar um **gangverð**, þótt ekki væri alfarið loku fyrir það skotið að það gæti gefið vísbendingar um gangverð í einstökum tilvikum
- Þá reifaði yfirsattanefnd fyrirbyggjandi **upplýsingar um síðustu þekktu viðskipti milli ótengdra aðila með hlutabréf í X hf. áður en ráðstöfun kæranda fór fram**. Var kærandi talinn hafa leitt að því sterkar líkur að gangverðákvörðun ríkisskattstjóra væri umtalsvert um skör fram og þóttu umrædd viðskipti til vitnis um það. Var ákvörðun ríkisskattstjóra um að hækka tilfærðan söluhagnað hlutabréfanna í X hf. í skattskilum kæranda felld niður þar sem ríkisskattstjóri þótti ekki hafa sýnt **nægilega fram á að söluverð** hlutabréfanna við ráðstöfun þeirra til Z ehf. **hefði verið verulega frábrugðið** því sem almennt gerðist í slíkum viðskiptum

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 28. júní 2019

Mál nr. S-114/2018:

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Eyþór Þorbergsson

gegn

Rósa María Stefánsdóttir

Ingvar Þóroddsson

Mál þetta, sem dómtekið var þann 31. maí sl., er höfðað af lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með ákæru, útgefinni þann 27. júlí 2018, á hendur ákærðu, Rósu Maríu Stefánsdóttur, kt. 000000-0000, [...], Akureyri. „fyrir fjársvik, en til vara misneytingu, með því að hafa 23. mars 2017, með blekkingum fengið aldraða frænku sína Y, kt. 000000-0000 til að láta sig hafa (“lána sér”) 30 milljónir, sem ákærða sagði til húsnæðiskaupa og áttu að endurgreiðast eftir 3 mánuði, þegar ákærða hafði fengið greiðslumat og lán í banka, en ákærða átti enga möguleika á því að fá svona hátt lán í banka þar sem hún er ekki í vinnu og framfleytir sér með örorkubótum. Afhending peningana fór fram að frumkvæði ákærðu með þeim hætti að brotaþoli pantaði fjárhæðina í seðlum með viku fyrirvara og þegar þeir voru tilbúnir til afhendingar 23. mars 2017 fór ákærða með brotaþola í útibú Arion banka á Akureyri þar sem brotaþoli fékk peningana afhenta hjá gjaldkera í innsigliðum búntum. Brotaþoli tók við peningunum ásamt kvittun fyrir úttekt þeirra og fór með þá út úr bankanum í plastpoka og afhenti ákærðu þá og kvittunina fyrir utan bankann og ákærða fór síðan með fjárhæðina í útibú Landsbanka Íslands á Akureyri og setti þá í bankahólf. Ákærða keypti síðan enga íbúð heldur fór að eyða peningunum í almenna neyslu með því meðal annars

2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. TSL Launþegar - tekjufrádráttur

- Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálf stæðri starfsemi, má draga:
- **Staðaruppbót** sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis
 - Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að **eða eru starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands** – hvað með íslenska presta erlendis???

Ákvarðandi bréf nr. 014/2000

Staðaruppbót presta vegna starfa erlendis

- Regla 2. málsl. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna er afdráttarlaus og skýr. Ef prestar, eða aðrir sem starfa á vegum ríkisins erlendis, **eru ekki skipaðir, fastráðnir eða settir sem starfsmenn við sendiráð Íslands erlendis, eða eru ekki sendiræðismenn eða fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að**, þá er staðaruppbót sem þeir kunna að fá greidda skattlögð eins og aðrar launatekjur. Ríkisskattstjóri eða önnur stjórnvöld hafa engar heimildir samkvæmt lögum til að gera undantekningar hér á

Starfsmenn alþjóðastofnana ... Undanþegnar tekjuskatti eru

- Launatekjur sem greiddar eru ... starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, **enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að ... eru undanþegnar tekjuskatti**
- **Hvaða samningar eru þetta?** Sjá annars vegar 23. gr. og 34. gr. laga nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóða samningi um stjórn málasamband og hins vegar 32. gr., 49. gr. og 66. gr. laga nr. 4/1978 um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband
- Athugið að aðeins launin vegna starfans eru undanþegin skattlagningu hér á landi. **Eftirlaun, sem umræddir starfsmenn njóta að loknu starfi, eru því skattskyld**

Úrskurður nr. 4/2004

Gjaldár 2001 og 2002

Tekur ekki til eftirlauna

- Kærandi hélt því fram að eftirlaun sem hann fékk greidd frá Sameinuðu þjóðunum á árunum 2000 og 2001 væru skattfrjáls á grundvelli 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, þ.e. sem launatekjur frá alþjóðastofnun
- Yfirséðanefnd benti á **að með dómi bæjarþings Reykja víkur frá 27. janúar 1989** hefði með skýrum og afdráttarlausum hætti verið skorið úr um túlkun viðkomandi undanþáguákvæðis með tilliti til eftirlauna frá Sameinuðu þjóðunum og dæmt að ákvæðið ætti ekki við um eftirlaun embættismanna Sameinuðu þjóðanna sem látið hefðu af störfum hjá alþjóðastofnuninni
- Þá var ekki fallist á með kæranda að ákvörðun ríkisskattstjóra varðandi meðferð umræddra tekna í skattframtali kæranda árið 2000 við afgreiðslu á skatterindi vegna þess gjaldárs hefði bundið hendur skattstjóra varðandi meðferð teknanna í skattskilum kæranda um ókomin ár. Var kröfum kæranda hafnað

Happdrættisvinningar

3. tölul. 1. mgr. A-liðar 30. gr. TSL

Frá tekjum manna má draga:

- Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt a) sérlögum eða b) vinninga í happdrættum **sem fengið hafa leyfi þess ráðuneytis er fer með málefni happdrætta enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðar mála eða kirkjulegrar starfsemi**
- Sama gildir um happdrætti sem starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stjórnvöldum á hinu Evrópska efnahagssvæði, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að sömu skilyrðum fullnægðum

Hvað ekki telst til tekna, sbr. 28. gr. laga nr. 90/2003

1. Arfur þar með talið fyrirframgreiðsla arfs og dánargjafir **enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur**
 1. Ath. séreignarsparnað
2. Bætur vegna varanlegrar örorku gagnstætt bótum vegna tímabundinnar örorku
3. Dánarbætur (líftryggingar og skaðabætur) og miskabætur **svo og sjúkratryggingar**
 1. Bætur vegna munatjóns. Ath. framkvæmd þessa. Sérreglur
 2. Samskotafé almennings vegna slysa o. fl.

YSÚ 93/2003

- Í máli þessu var deilt um það hvort bætur til kæranda úr **sjúkdóma tryggingu**, sem kærandi hafði keypt hjá erlendu vátryggingafélagi, væru skattfrjálsar í hendi kæranda
- Í úrskurði yfirskattanefndar var talið að úrlausn málsins ylti á því hvort umrædd greiðsla til kæranda gæti talist „greiðsla líftryggingafjár“ í skilningi undanþáguákvæðis 2. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003
- Kom fram að þótt hugtakið líftrygging væri ekki skilgreint sérstaklega í löggjöf um vátryggingarsamninga yrði þó allt að einu að telja að hugtakið hefði nokkuð fastmótaða merkingu í íslenskum rétti og almennri málvenju þannig að með líftryggingu **væri átt við vátryggingu þar sem tryggt væri gegn dánaráhættu þann tíma sem vátryggingarsamningur væri við lýði þannig að vátryggingaratburður yrði annað hvort við andlát vátryggðs eða við lok samningstíma, þ.e. þegar tilteknum aldri væri náð**
- Var ekki talið að hinar umdeildu tryggingabætur vegna sjúkdóms kæranda gætu talist „greiðsla líftryggingafjár“ í skilningi 2. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Var kröfum kæranda hafnað

Hvað ekki telst til ...

4. Eftirgjöf skulda í tengslum við nauðasamninga, gjaldprotaskipti og skuldaaðlögun
5. Aukavinna við byggingu íbúðarhúsnæðis **utan venjulegs vinnutíma**
6. Mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð
7. Hlunnindi forsetans svo sem endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæði og bifreiðum
8. Persónuafsláttur, barnabætur og vaxtabætur ...
9. Matshækkun búfjár. Hvernig virkar þetta?
10. Húsnæðisbætur, sbr. lög nr. 75/2016

Munatjón

2. tölul. 28. gr. TSL

- Einnig skaðabætur og vátryggingabætur vegna tjóns á eignum sem **ekki eru notaðar í atvinnurekstri**, sbr. þó 22. gr. Lækka skal stofnverð eignar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins
- Ákvæði 22. gr. TSL fjallar um altjón á eign um og mælir svo fyrir um að bætur sem maður fær þegar svo stendur á skuli teljast söluverð

Þetta var um hina hlutlægu skattskyldu

- Skattskyldar tekjur. Skattfrjálsar tekjur og gæði sem ekki teljast til tekna. Tekjur sem undanþegnar eru frá skatti
- Nú verður kastljósunum beint að hinni **huglægu** skattskyldu en hún afmarkar hverja Ísland getur skattlagt. Hversu langt nær skattlagningarvald Íslands

Hin huglæg skattskylda hverja getur ríkið skattlagt

1. Ótakmörkuð skattskylda, sjá 1. og 2. gr., sbr. 1. mgr. 7. gr. TSL
 - Hvað felst í henni ? Alheimsregla. World wide taxliability
2. Takmörkuð skattskylda, sbr. 3. gr. TSL
 - Landaregla – upprunalandsregla. The territorial principle. Limited taxliability
 - Þegar reglurnar rekast á hlýst tvískattlagning og er fjallað um afléttingu eða mildun hennar í
 - 119. gr. TSL, sbr. 5. mgr. Innlend regla
 - Tvísköttunarsamningum. Alþjóðlegar reglur

Meginregla - undantekningar

- Allir menn sem heimilisfastir eru hér á landi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. TSL verða að greiða tekjuskatt. Tekjuskattskyldan er því almenn
- Áður fyrr var Forseti Íslands og maki hans undanþeginn skyldu til að greiða tekjuskatt og eignarskatt en svo er ekki lengur
 - Um hlunnindi forsetans, sjá nú 6. tölul. 28. gr. TSL
- Þótt skattskyldan sé almenn eru nokkrar undanþágur til frá henni. Úrlendisréttur, venjur í alþjóðlegum samskiptum
 - Td. er Íslandi ekki heimilt að skattleggja starfsmenn erlendra ríkja hér á landi. Þeir njóta þess sem kallað er úrlendisréttar
 - Starfsmenn setuliðs Bandaríkjanna hér á landi voru líka undanþegnir skattskyldu meðan þeir voru búsettir hér á landi
 - Svo er einnig um þá Íslendinga sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. TSL

Ótakmörkuð skattskylda manna

- Að vera ótakmarkað skattskyldur þýðir að maður verður að svara skatti af öllum tekjum sínum óháð því hvaðan þær stafa
 - Bæði innlendar og erlendar tekjur koma því til skatts
- Menn teljast ótakmarkað skattskyldir ef þeir tengjast landinu með varanlegum hætti svo sem vegna
 1. búsetu hér á landi
 2. dvalar hér landi í 183 daga eða lengur á sérhverjum tólf mánuðum
 3. starfa um borð í íslensku skipi eða flugvél í 183 daga eða lengur á sérhverjum tólf mánuðum

Farið varlega

FRÉTTIR

Like 108

Ástþór Magnússon býður íslenskum ellilífeyrisþegum frítt húsnæði á Portúgal:

„Mörgum sem þykir þetta hljóma of gott til að vera satt“



Óðinn Svan Óðinsson
Föstudaginn 3. ágúst 2018 09:00



„Nýjar skattareglur í Portúgal og tvísköttunarsamningur við Ísland gerir ellilífeyrisþegum kleift að flytja lögheimili sitt til Portúgal og fara í 0% tekjuskatt,“ svona hljómar tilboð sem fyrirtækið Valhalla býður íslenskum ellilífeyrisþegum. Athafnamaðurinn og forsetaframbjóðandinn fyrrverandi Ástþór Magnússon fer fyrir fyrirtækinu hér á landi og er samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins framkvæmdastjóri markaðssviðs.

„Við erum nýbyrjaðir að kynna þetta og þetta fer bara vel af stað. Auðvitað er mörgum sem þykir þetta hljóma of gott til að vera satt en ég bendi fólki bara á að kynna sér málið,“ segir Ástþór Magnússon í samtali við DV.

Allir geta keypt sér íbúð

Á heimasíðu Valhalla, nuna.is, býðst Íslendingum tvenns konar tilboð sem sagt er að henti flestum Íslendingum. Annað tilboðið er fyrir fólk sem þiggur ellilífeyri og snýr að skattafslætti.

„Ellilífeyrisþegar geta flutt skattalegt heimilisfesti til Portúgal og fá þá tekjurnar sínar frá Íslandi greiddar skattfrítt. 0% skattur þökk sé tvísköttunarsamningi Íslands og Portúgal. Skattasparnaðurinn greiðir niður íbúðina,“ segir á vefnum nuna.is

Fyrirtækið býður öðrum Íslendingum einnig upp á að kaupa íbúðir sem að sögn Ástþórs eru seldar langt undir markaðsvirði. „Kaupin greiðast niður með leigu til eftirlaunþega í 7–9 mánuði á ári. Þú nýtur íbúðarinnar í frístundum,“ segir á heimasíðu fyrirtækisins.

Ástþór segir Portúgala hafa breytt skattalöggjöfinni til að laða að efnaða ellilífeyrisþega. „Þessi leið var farin til þess að hleypa lífi í efnahagslífið í Portúgal eftir erfiða tíma. Þeir ná tekjum af þessu fólki með neyslusköttum. Ellilífeyrisþegar hvaðanæva að frá Evrópu eru farnir að nýta sér þetta,“ segir Ástþór en til að þess að fá skattafsláttinn þarf eins og áður segir að flytja skattalegt heimilisfesti til Portúgal og dvelja í landinu 183 daga á ári, hið minnsta.



Alexander G. Edvaldsson



Vegna ákvæða í tvísköttunarsamningi milli Íslands og Portúgals geta íslenskir eftirlaunaþegar flutt lögheimili sitt til Portúgals og fengið greidd eftirlaun frá Íslandi án þess að greiða af þeim skatta, hvorki á Íslandi né í Portúgal.

Alexander G. Edvardsson, sérfræðingur á skatta- og lögfræðisviði KPMG, segir að eftirlaun, leigutekjur af húsnæði og arður séu ekki skattlögð ef viðkomandi hefur flutt lögheimili sitt til Portúgals.

Alexander bendir á að í Portúgal sé greiddur skattur af iðgjöldum í lífeyrissjóði en ekki af eftirlaunagreiðslum. Þessu sé ófugt farið á Íslandi þar sem greiðslur í lífeyrissjóði hér eru ekki skattlagðar en greiddur skattur af eftirlaunum.

Alexander segir aðspurður dæmi um að íslenskir eftirlaunaþegar hafi flutt lögheimili til landa á borð við Portúgal og greiði þar skatta samkvæmt reglum ytra. „Á móti kemur að viðkomandi er fluttur frá Íslandi, hefur ekki lengur búsetu hér og er þar með ekki lengur í velferðar- og heilbrigðiskerfinu á Íslandi,“ segir Alexander. Hann segir aðspurður að réttindi hvað varðar velferðar- og heilbrigðiskerfið á Íslandi endurheimtist á um sex mánuðum við flutning lögheimilis aftur til Íslands.

Hugtakið búseta

- Merkir að hafa íbúð til umráða. Íbúð verður að vera heilsársbústaður og geta fullnægt lágmarkspörfum manns fyrir svefn, mat reiðslu og hreinlæti (klósett og bað)
- Ath. ekki skiptir máli hvernig húsnæðið er skráð hjá byggingarfulltrúa
- Umráð geta bæði grundvallast á eignar haldi og afnotarétti (leigu) svo og sam nýtingu vegna sambúðar

Búseta gagnstætt dvöl

- Búseta gerir kröfu um tiltölulega rík tengsl við land. Þú verður að ráða yfir íbúð
- Dvöl inniber hins vegar lausari tengsl. Skv. því er nóg að þú sért staðsettur hér á landi í tiltekinn lágmarkstíma
 - Ath. ekki skiptir máli af hvaða ástæðu dvölin er
- Maður, sem dæmdur er til fangelsisvistar af ísl. dómstól, verður því ótakmarkað skattskyldur eftir að hafa dvalið hér á landi 183 daga eða lengur á ...
- Áframhaldandi skattskylda eftir brottflutning af landi
 - Skoða skilyrði, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. TSL

Ólafur: Hef verið búsettur erlendis



Ólafur Ólafsson [mbl.is/pórður Arnar Þórðarson](https://mbl.is/pórður-arnar-pórðarson)

„Frá árinu 2005 hef ég verið búsettur erlendis, fyrst með heimili á Englandi en í Sviss frá 2009. Langstærstur hluti starfsemi minnar er utan Íslands. Ég kem að rekstri fjölda fyrirtækja erlendis sem veita hátt í 2000 manns atvinnu. Þar má nefna nefna félögin KIMI SARL í Lúxemborg og Neptune Holding BV í Hollandi sem fjallað er um í Morgunblaðinu í dag.“

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Ólafi Ólafssyni, aðaleiganda Samskipa. Í frétt Morgunblaðsins í dag kom fram að Ólafur hafi á síðustu árum fjármagnað erlendar fjárfestingar í gegnum félag sitt Kimi S.á.r.l. í Lúxemborg. Hann sé einn margra Íslendinga sem fjárfesta í gegnum félög í Lúxemborg.

Frétt mbl.is: Geyma milljarða í Lúxemborg



Sjómaðurinn Steinþór Guðmundsson og Forsvarsmáður Afríkuutgerðar Samherja, sem Þorsteinn Már Baldvínsson styrir, eru müssaga um það hvernig það gerðist að tugi sjómanna hjá Sjólaðskipum og Samherja sárðu heimilisfang sitt í Mántani og greiddu enga skatta af launum sínum.

Sýna | Hinn

Sjómaður: Samherji átti að borga skatt af laununum

Dómsmáli Yfirskattaneðnd og dómstólar hafa kveðið upp niðurstöður í máli nokkurra sjómanna sem sviku undan skatti. Stærstu mál sem komið hafa til kasta íslenskra skattayfirvalda í sögunni. Steinþór Guðmundsson sjómaður segir að Sjólaðskip og Samherji hafi ráðlagt sér í skattamáli sínu. Forsvarsmáður Afríkuutgerðar Samherja neitar þessu.

Ingi F. Vilhjálmsson
sjálfstæðisflokkurinn

Útgerðirnar Sjólaðskip og Samherji ráðlögðu tugum sjómanna sem unnu hjá þessum fyrirtækjum í Afríku að færa lögheimili sitt til Mántani í Vestur-Afríku sem gerði það að verkum að þeir voru ekki skattskyldir á Íslandi. Laun sjómanna voru svo greidd af skógi á Tortólu, Bells og Kýpur og engir skattar af þeim runnu til Íslands eða til Mántani. Þetta segir einn af sjómönnum. Sjómennirnir, einir 57 talsins í heildina, hafa svo lent í vandræðum hjá skattayfirvöldum á Íslandi vegna þessa bar sem enginn þeirra hefur getað sýnt fram á að þeir hafi greitt skatta af launum sínum meðan þeir störfuðu hjá íslensku útgerðunum í Afríku.

Fréttatíminn fjallaði um mál sjómanna í þarsíðustu viku en hefur nú fyllt upplýsingar um þau, meðal annars árskráir frá yfirskattaneðnd og tvo dóm í málum tveggja sjómanna. Samkvæmt heimildum Fréttatímans eru mál sjómanna langtærsta mengi sambærilegra mála sem komið hefur inn á borð íslenskra skattayfirvalda. Þetta eru því umsvifamestu meirinu skattalagabrot á Íslandi.

Í dómi sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 21. september

síðastliðinn var komist að þeirri niðurstöðu að sjómaðurinn Steinþór Guðmundsson frá Akureyri hefði sannarlega haft skattalega heimilisfesti á Íslandi en ekki í Mántani á meðan hann starfaði hjá Afríkuutgerð Sjólaðskipa og Samherja á árunum 2006 til 2010. Þar af leiðandi hafi hann átt að greiða tekjuskatt á Íslandi, sem hann gerði ekki á þessum tíma. Steinþór sagðist hins vegar haldið að Samherji hefði greitt skatt af launum sínum í Mántani.

Tekjur Steinþórs eru ekki teknar fram í dómi héraðsdóms en út frá óðrum upplýsingum er ljóst að um var að ræða samtals tugi milljóna króna en í tveimur úrskurðum yfirskattaneðndar eru árstekjur sjómanna sagðar hafa verið allt frá tveimur sjö milljónum og upp í rúmlega 45 milljónum. Álag upp á 25 prósent bætist við þær upphæðir sem sjómennirnir þurfa að greiða til skattsins í málunum auk þess sem þeir kunna að verða ákærðir fyrir skattalagabrot eftir rannsóknir héraðssaksóknara á málum þeirra.

Í dómunum vekur sérstaka athygli að Steinþór og yfirmadurinn hjá Samherja, sem sá um Afríkuutgerðina, eru müssaga um hvernig það gerðist að sjómennirnir fluttu heimilisfang sitt til Mántani. Um þetta segir „Stefndi [Ríkisskattsejor] tekur fram að í skýrslu skatt-rannsóknarstjóra, komi fram að ástæða þess að stefnandi [Steinþór] flutti lögheimili sitt til Mántani hafi verið að kröfu vinnuveitanda hans. Einnig komi fram að stefnandi teji sig vera launþega og að vinnuveitendur hans [Sjólaðskip og síðar Katla Seafood] hafi staðið skil á skattgreiðslum hans. Stefndi hafi upplýst að enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið

Tekjur Steinþórs eru ekki teknar fram í dómi héraðsdóms en út frá óðrum upplýsingum er ljóst að um var að ræða samtals tugi milljóna króna.

gerður og hann hafi hvorki fengið launaseðla né uppgjörsöggn.

Í dómunum segir svo hins vegar að í skýrslutökum yfir eigendum Sjólaðskipa og framkvæmdastjóra dótturfélags Samherja hafi þeir sagt að sjómennirnir hafi getað búið þar sem þeir vildu og að útgerðirnar hafi ekki litið svo á að þær ættu að greiða skatta af launum þeirra þar sem þeir hafi verið verktakar. „Í skýrslum sem teknar hafi verið af stjórnendum og eigendum Sjólaðskipa hf. annars vegar og framkvæmdastjóra Axel ehf. [síðar Katla Seafood ehf.] hins vegar komi fram að engin krafa hafi verið gerð um tiltektu brættu sjómanna af hálfu íslensku félagsanna. Einnig komi fram að sjómenn hafi verið verktakar fyrir erlend fyrirtæki og því ekki höfð milliganga um greiðslu skatta þeirra né þeim veitt slík aðstoð í samskiptum við Mántanísk yfirvöld.“ Áhyggjur í málinu liggja því ekki fyrlilega fyrir en það eru sjómennirnir, ekki útgerðirnar, sem þurfa að endurgreiða skattinn með álagi og eftir atvikum verða ákærðir.

Fréttatíminn hefur síðastliðnar vikur fengið reynt að ná tali af Þorsteini Má Baldvínssyni, forstjóra Samherja, með símtölum og sms-sendingum en án árangurs. Sjómaurmi Þorsteins Máls í málum sjómanna eru því ókunn.

Ákvörðun heimilisfestar

- Ágreiningur um **álagningu skatta** sætir kæru
 - a. fyrst til ríkisskattstjóra
 - b. svo til yfirskattanefndar
- Ágreiningur um heimilisfesti lýtur í grundvallar atriðum sömu reglum. Lengi vel var hins vegar ekki unnt að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar. Þess í stað varð að skjóta ákvörðuninni til dómstóla
 - Ath. umboðsmann Alþingis. Mál nr. 9174/2017

- A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir úrskurði ríkisskattstjóra um skattalega heimilisfesti og skattskyldu hér á landi. Hann hafði kært úrskurðinn til fjármála- og efnahagsráðuneytisins en ráðuneytið vísað kærunni frá. Byggðist frávísunin á því að samkvæmt lögum um tekjuskatt mætti skjóta úrskurði ríkisskattstjóra um heimilisfesti til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna ráðherra. Ráðuneytið teldi að af lagaákvæðinu leiddi að úrskurðir ríkisskattstjóra um heimilisfesti væru hvorki kæránlegir til ráðuneytisins né yfirskattanefndar. Athugun umboðsmanns laut að því hvort frávísun ráðuneytisins á þessum grunni væri í samræmi við lög. Umboðsmaður taldi að þegar lagt væri mat á hvort lög eða venjur víki til hliðar almennt kærurheimild stjórnarsýslulaga yrði að hafa í huga þau sjónarmið sem almennt koma til skoðunar þegar reynir á samspil stjórnarsýslulaga og sérlaga
- Gæta þyrfti varfærni við að túlka ákvæði sérlaga á þann veg að þau feli í sér frávik frá kröfum stjórnarsýslulaga, borgurunum í óhag, ef ályktanir þess efnis verða ekki dregnar með nokkrum skýrum hætti af orðalagi þeirra eða lögskýringargögnum. Ekki yrði séð af orðalagi umrædds lagaákvæðis í tekjuskattslögum, forsögu þess og samanburði við orðalag annarra ákvæða á málefnasviðinu að skýrt væri að því væri ætlað að víkja til hliðar kærurétti samkvæmt stjórnarsýslulögum. Fremur yrði ályktað að þýðing lagaákvæðisins í tekjuskattslögum væri að kveða á um fyrirvar ríkisskattstjóra í dómsmálum um úrskurði hans um heimilisfesti. Niðurstaða umboðsmanns var því að frávísun ráðuneytisins á kærni A hefði ekki verið í samræmi við lög
- Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til ráðuneytisins að taka málið til meðferðar að nýju, kæmi fram ósk um það frá A, og leysa úr málinu í samræmi við þau sjónarmið sem kæmu fram í álitinu. Einnig beindi hann því til ráðuneytisins taka framvegis mið af þeim sjónarmiðum

1. gr. laga nr. 96/2017

- Í stað orðanna „dómstóla að stefndum ríkisskatt stjóra vegna ráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. og 3. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd
- Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast 1. gr. gildi 1. janúar 2018 og frá þeim tíma tekur yfirskattanefnd við öllum óloknum ágreiningsmálum um skattalega heimilisfesti sem til meðferðar eru hjá ráðherra eða hefðu að óbreyttu komið til meðferðar hjá honum

Upphaf skattskyldu

- Ótakmörkuð skattskylda manns getur bæði stofnast við
 - **fæðingu barns.** Fyrstu fimmtán árin er skattskylda nýfæddra manna þó takmörkuð. Aðrar tekjur þeirra en laun skattleggjast þannig hjá framfæranda barnsins, sbr. 6. gr. og 64. gr. TSL
 - **flutning manns til landsins í þeim tilgangi að eiga hér heima til frambúðar**

Flutningur til og frá landi

- Hvenær öðast maður skattskyldu við flutning til landsins
 - Frá lokum flutningsdags
- Hvaða máli skiptir umráð yfir íbúð eftir flutning af landi brott – litlu, miklu
 - Ath. útleigu. Skoða íslenska námsmenn erlendis, sbr. 3. mgr. 69. gr. TSL
- Greiðsla skatts á tilflutnings og fráflutningsári, sjá 2. mgr. 69. gr. TSL

Íslenskir námsmenn erlendis

- Þeir menn, sem **dveljast erlendis við nám** eða vegna veikinda, geta þrátt fyrir ákvæði 1. gr. haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt þessum lögum og öðrum lögum um opinber gjöld. Sjá 2. mgr. 69. gr. TSL
 - **Hvað þýðir þetta fyrir námsmann? Námsmaður á rétt á fullum persónuafslætti, barnabótum og vaxtabótum eins og hann hefði búið hér allt árið**
- Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar með reglugerð, m.a. um hvaða nám falli hér undir, rétt maka, framtalsskil o.fl.

Andlát

- Skattskyldu manns lýkur þann dag er hann fellur frá eða andast
- Frá og með deginum, sem maður andast, telst hann því ekki lengur skattskyldur sem maður
- Við andlát flytjast öll réttindi og skyldur manns þannig yfir til dánarbús hans
- Dánarbú eru skattskyldir aðilar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL

Ólík skattskylda manna og db

- Fjármagnstekjuskattur manna er 22%. Hins vegar verða db. að greiða 37,6% skatt. Ath. arð
- Sala manna á íbúðarhúsnæði er undanþegin skatti eftir ákveðinn lágmarks eignarhaldstíma. Sjá 17. gr. TSL
- Áður fyrr nutu db. ekki slíkra fríðinda, en nú hefur verið bætt úr því. Sjá nánar 17. gr. TSL

Ótakmörkuð skattskylda lögaðila

- **Gengið útfrá Stofnunar- eða skráningarreglu. Incorporation**
 - Lögaðili telst því heimilisfastur í því landi sem hann er stofnaður eða skráður í. Formlegt skilyrði
- **Aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar**
 - Lögaðili telst heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur sæti
 - Place of Business
 - Vegna þessa er nauðsynlegt að skilgreina
 - raunverulega framkvæmdastjórn → framkvæmdastjóri +
 - sæti → starfsstöð, heimilisfang

What Is a Principal **Place of Business**?

- A company's principal **place of business** is the primary location where its **business** is performed
- This is generally where the **business's** books and records are kept and is often where the head of the firm and other senior management personnel are located
 - Sjólaskip. Ísland eða Kýpur. Samherji?

Sjá nánar 2. mgr. 2. gr. TSL

- Lögaðili skv. 1. mgr. telst eiga hér heimili ef hann er skráður hér á **landi**, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða **ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi**
- Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hvaða lögaðilar skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein
- Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra
 - Ath. breytingu

Takmörkuð skattskylda erlendis búsettra manna og lögaðila

- Skoða 3. gr. TSL annars vegar og 70. gr. TSL hins vegar. Hverjir eru skattskyldir? Erlen­dis búsettir menn og lögaðilar sem **afla ákveðinna tekna** hér á landi
- Þessar tekjur eru tal­dar upp í 3. gr. og er upptalningin tæmandi. Ekki er því unnt að skattleggja aðrar tekjur en þær sem þar eru sérstaklega upptaldar
- Um skatthæðina er fjallað í 70. gr. TSL

Hvaða tekjur eru þetta Laun og skyldar tekjur

- Laun vegna vinnu hér, sbr. 1. tölul. 3. gr. TSL
 - Tekjur, laun
 - Innlendur launagreiðandi
 - Framkvæmd vinnunnar
- Laun vegna vinnu erlendis o. fl., sbr. 2. tölul. 3. gr. TSL
 - Tekjur, laun, innlendur launagreiðandi
 - Eftirlaun, lífeyri, stjóðarlaun og nefndarlaun

Hvaða tekjur eru þetta

Atvinnurekstrar tekjur

- Þóknanir vegna starfs eða þjónustu sem innt er af hendi á Íslandi, sbr. 3. tölul. 3. gr. TSL
 - Sérfræðingar
 - Skemmikraftar
 - Listamenn
 - Íþróttamenn
- Atvinnurekstrartekjur. Ath. atvinnureksturinn verður að vera stundaður á fastri starfsstöð, sbr. 4. tölul. 3. gr. TSL

Hvaða tekjur eru þetta

Fjármagns tekjur

- Leiga og hagnaður af fasteignum, sbr. 5. tölul. 3. gr. TSL
- Leiga og hagnaður af lausafé, sbr. 6. tölul. 3. gr. TSL. Flugvélar eru þó undanskildar
- Tekjur af eignarhlutum í ísl. félögum, sbr. 7. tölul. 3. gr. TSL, það er arður og hagnaður
- Vextir af hvers konar kröfum, sbr. 8. tölul. 3. gr. TSL
- Tekjur af afleiðum, sbr. 10. tölul. 3. gr. TSL

Eitthvað að lokum

- ... ef ekki þakka ég fyrir mig